

REGLUR

um lausafjárhlutfall lánastofnana.

I. BÁLKUR

Lausafjárhlutfall.

1. gr.

Gildissvið.

1. Reglur þessar taka til lánastofnana og samstæðna lánastofnana þar sem gerðar eru kröfur um lágmark lausafjárhlutfalls bæði í öllum gjaldmiðlum samtals (FX og ISK) og öllum erlendum gjaldmiðlum samtals (FX). Seðlabanki Íslands getur veitt einstakri lánastofnun undanþágu, að fullu eða að hluta, frá kröfum reglnanna sé hún hluti samstæðu.
2. Sé lánastofnun hluti af samstæðu skal lánastofnun sem er móðurfélag eða lánastofnun sem lýtur stjórn móðurfélags sem er eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði uppfylla kröfur reglna þessara á samstæðugrunni í samræmi við eftirfarandi:
 - a. Eignir í ríki utan aðildarríkja sem uppfylla kröfur II. bóls og eru í eigu dótturfélags utan aðildarríkja skulu ekki teljast til lausafjäreigna á samstæðugrunni ef þær uppfylla ekki skilyrði lausafjäreigna í því ríki sem setur fram kröfur um lausafjárhlutfall;
 - b. ef dótturfélag er í ríki utan aðildarríkja og vægi útlæðis er hærra samkvæmt lausafjárreglum þess ríkis en tilgreint er í III. bóli, þá skal hærra vægið gilda fyrir útlæði dótturfélagsins í útreikningi á lausafjárkröfum fyrir samstæðuna;
 - c. ef dótturfélag er í ríki utan aðildarríkja og vægi innflæðis er lægra samkvæmt lausafjárreglum þess ríkis en tilgreint er í III. bóli, skal lægra vægið gilda fyrir innflæði dótturfélagsins í útreikningi á lausafjárkröfum fyrir samstæðuna;
 - d. lausafjárkröfur samkvæmt 3. og 4. gr. reglnanna eiga einnig við verðbréfafyrirtæki ef þau eru hluti af samstæðu lánastofnunar;
 - e. á samstæðugrunni skal færa fjárhæð innflæðis frá sérhæfðri lánastofnun eins og vísað er til í 3. og 4. mgr. 33. gr. einungis upp að fjárhæð útlæðis frá sömu stofnun.

2. gr.

Skilgreiningar og orðskýringar.

Í reglum þessum merkir:

1. *1. stigs eignir*: Hágæða auðseljanlegar eignir, sbr. eignir samkvæmt 10. gr. reglna þessara.
2. *2. stigs eignir*: Hágæða seljanlegar eignir, sbr. eignir samkvæmt 11.-13. gr. reglna þessara.
3. *Aðildarríki*: Ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðili að stofnsamningi Friverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjar.
4. *Álag*: Skyndileg eða alvarleg skerðing á greiðsluhæfi eða lausafjárstöðu lánastofnunar vegna breytinga á markaðsaðstæðum eða stakra þátta (e. *idiosyncratic factors*) er leiða til hættu á að lánastofnunin verði ófær um að greiða skuldbindingar sínar á gjalddaga innan næstu 30 daga.
5. *Eignabekjukrafa*: Hlutfall eigna og skulda eins og ákvarðað er samkvæmt lögum aðildarríkis eða ríkis utan aðildarríkja til að bæta lánshæfi í tengslum við sértryggð skuldabréf.
6. *Lausafjárforði*: Fjárhæð lausafjäreigna lánastofnunar samkvæmt II. bóli reglna þessara.
7. *Lítill og meðalstór fyrirtæki*: Lítill og meðalstór fyrirtæki samkvæmt skilgreiningu laga nr. 41/2015 um ívilnanir til nýfjárfestinga á Íslandi.
8. *Nettó útlæði lausafjár*: Fjárhæð sem fengin er með því að draga lausafjárninnflæði lánastofnunar frá lausafjárútlæði hennar samkvæmt III. bóli þessara reglna.
9. *Persónulegt fjárfestingarfélag*: Félag eða fjárvörslusjóður (e. *personal investment company, PIC*) þar sem eigandi annars vegar eða raunverulegur eigandi hins vegar er einstaklingur eða hópur nátengdra einstaklinga og félagið eða sjóðurinn er stofnaður einungis til að stýra fjármunum eigendanna og hefur enga aðra viðskipta-, iðnaðar- eða fagstarfsemi. Tilgangur persónulegs fjárfestingarfélags getur náð til annarra viðbótarþátta svo sem að skilja eignir eigendanna frá eignum fyrirtækja, að greiða fyrir yfirfærslu eigna innan fjólkskyldu eða að koma

- í veg fyrir uppskiptingu eigna í kjölfar andláts fjölskyldumeðlims, að því tilskildu að megin-tilgangur slíkrar starfsemi sé eignastýring fjármuna eigendanna.
10. *Reikningsskilagjaldmiðill*: Gjaldmiðill sem nota skal til að tilkynna þá lausafjárliði sem vísað er til í II. og III. bálki reglnanna til Seðlabankans samkvæmt 35. gr. reglnanna.
 11. *Smásöluinnlán*: Skuld gagnvart einstaklingi eða litlu eða meðalstóru fyrirtæki þar sem slíkt fyrirtæki teldist meðal smásöluáhættuskuldbindinga samkvæmt staðalaðferð eða innramatsaðferð til útreiknings útlánaáhættu, eða skuld gagnvart félagi þar sem ársvelta samstæðu sem fyrirtækið tilheyrir er ekki meira en 50 milljón evrur (eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í innlendum gjaldeyri), og þar sem heildarinnlán slíks lítils eða meðalstórs fyrirtækis eða fyrirtækis á samstæðugrunni fara ekki yfir 1 milljón evra (eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í innlendum gjaldeyri).
 12. *Stuðningslánveitandi*: Með stuðningslánveitanda er átt við lánastofnun sem hefur það að markmiði að stuðla að opinberri stefnu Evrópusambandsins eða einstaka aðildarríkis eða sveitarfélags aðildarríkis, aðallega með því að veita stuðningslán sem eru hvorki veitt á grundvelli samkeppnis- né hagnaðarsjónarmiða, að því tilskildu að a.m.k. 90% lána sem stofnunin veitir séu í beinni eða óbeinni ábyrgð ríkissjóðs eða sveitarfélaga og að farið sé með sérhverja áhættuskuldbindingu gagnvart viðkomandi sveitarfélögum, eins og um væri að ræða áhættuskuldbindingu gagnvart ríkissjóði.
 13. *Viðskiptavinur á fjármáلامarkaði*: Aðalstarfsemi viðskiptavinar er ein af þeim tegundum sem tilgreindar eru í 1. mgr. 20. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki eða er einn eftirfarandi aðila:
 - a. Lánastofnun.
 - b. Verðbréfafyrirtæki.
 - c. Fjármálafyrirtæki.
 - d. Sérstakur verðbréfunaraðili (e. *securitisation special purpose vehicle, SSPE*).
 - e. Sjóður um sameiginlega fjárfestingu.
 - f. Fjárfestingarfyrirkomulag sem ekki er opið.
 - g. Vátryggingafélag.
 - h. Endurvátryggingafélag.
 - i. Eignarhaldsfélag á fjármálasviði eða blandað eignarhaldsfélag á fjármálasviði.
 14. *Verðbréfavéðlán* (e. *margin loans*): Véðlán veitt viðskiptavinum til veðsettrar stöðutöku.

3. gr.

Lausafjrhlutfall.

1. Lausafjrhlutfall skal að lágmarki vera jafnt hlutfalli lausafjárforða lánastofnunar og nettó útlæðis lausafjár hennar næstu 30 daga á álagstímabili og skal hlutfallið tilgreint sem prósentu. Lánastofnun skal reikna lausafjrhlutfall sitt samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$\frac{\text{Lausafjárforði}}{\text{Nettó útlæði lausafjár næstu 30 daga á álagstímabili}} = \text{Lausafjrhlutfall (\%)}$$

2. Lausafjrhlutfall lánastofnunar skal á hverjum tíma vera a.m.k. 100%.
3. Þrátt fyrir 2. mgr. er lánastofnun heimilt að breyta lausafjäreignum í reiðufé til að standa straum af nettó útlæði lausafjár á álagstímum þótt slík notkun á lausafjäreignum geti tímabundið lækkað lausafjrhlutfallið niður fyrir 100%.
4. Lánastofnun skal reikna út og hafa eftirlit með lausafjrhlutfalli og skuldbindingum í reikningsskilagjaldmiðli og í öllum þeim gjaldmiðlum er sæta aðskildum reikningsskilum, þ.e. þar sem heildarskuldbindingar í gjaldmiðlinum eru jafnar eða umfram 5% af heildarskulddum lánastofnunarinnar. Lánastofnun skal skila skýrslu um lausafjrstöðu sína til Seðlabankans í samræmi við 35. gr. reglna þessara.
5. Falli lausafjrhlutfall lánastofnunar niður fyrir það lágmark sem sett er í 2. mgr., hvort heldur það gerist á álagstíma eða ekki, eða sé fyrirsjáanlegt að það gerist innan næstu sex mánaða, skal án tafar tilkynna það Seðlabankanum skriflega og tilgreina ástæður þess með fullnægjandi hætti. Viðkomandi lánastofnun skal enn fremur leggja fram tímasetta áætlun um hvernig hún hyggst ná því

lágmarki lausafjárhlutfalls sem sett er í 2. mgr. Seðlabankinn getur krafist þess að áætlun lána- stofnunar komi til framkvæmda innan tiltekins tíma. Þar til lágmarki samkvæmt 2. mgr. er náð skal lánastofnun skila skýrslu samkvæmt 35. gr. í lok hvers dags. Við sérstakar aðstæður og að teknu tilliti til stærðar og stöðu lánastofnunar getur Seðlabankinn heimilað að skýrslum sé skilað sjaldnar en samkvæmt 4. málslið.

4. gr.

Lausafjárhlutfall í erlendum gjaldmiðlum.

1. Auk lausafjárhlutfalls samkvæmt 3. gr. skal lánastofnun reikna út og fylgjast með lausafjár- hlutfalli, innflæði og útlæði í öllum erlendum gjaldmiðlum samtals. Lausafjárhlutfall lánastofnunar í öllum erlendum gjaldmiðlum samtals skal vera að lágmarki 100% hvort sem lausafjárhlutfallið er reiknað samkvæmt jöfnu 1. mgr. 3. gr. eða 2. mgr. þessarar greinar.
2. Lánastofnun sem ekki er viðskiptabanki er heimilt að reikna lausafjárhlutfall fyrir erlenda gjaldmiðla samkvæmt eftirfarandi jöfnu enda uppfylli hún annaðhvort kröfur a- eða b-liðar:

$$\frac{\text{Lausafjárforði} + \text{innflæði lausafjár}}{\text{Útlæði lausafjár næstu 30 daga á álagstímabili}} = \text{Lausafjárhlutfall (\%)}$$

- a. Lánastofnunin er ekki með útlæði í erlendum gjaldmiðlum að teknu tilliti til vægis sam- kvæmt 22.-31. gr. reglna þessara.
- b. Lánastofnunin er með útlæði í erlendum gjaldmiðlum undir fimm milljörðum króna að teknu tilliti til vægis samkvæmt 22.-31. gr. reglnanna.
3. Ákvæði 5. og 6. mgr. 3. gr. eiga við falli lausafjárhlutfall lánastofnunar í erlendum gjaldmiðlum undir það lágmark sem sett er í 1. mgr.

5. gr.

Álagsviðsmyndir vegna lausafjárhlutfalls.

1. Eftirfarandi viðsmyndir geta verið vísbendingar um að lánastofnun sé undir álagi:
 - a. Útlæði verulegs hlutfalls smásöluinnlána.
 - b. Fjármögnunargeta með ótryggðri heildsölu fjármögnun hverfur að hluta eða öllu leyti, þar með talin heildsöluinnlán og aðrar skilyrtar fjármögnunarleiðir, svo sem sammingsbundnar eða ósammingsbundnar lausafjár- eða lánalínur.
 - c. Fjármögnunargeta með tryggðri skammtímafjármögnun hverfur að hluta eða öllu leyti.
 - d. Viðbótarútlæði lausafjár í kjölfar lækunar á lánshæfismati um allt að þrjú þrep.
 - e. Aukið flókt á markaði sem hefur áhrif á virði eða gæði veða og myndar þörf á auknum veðum.
 - f. Ófyrirséður ádráttur á lausafjár- og lánaþyrirgreiðslu.
 - g. Möguleg skuldbinding til endurkaupa á skuldum eða til efnda ósammingsbundinna skuld- bindinga.

II. BÁLKUR

Lausafjárforði.

1. KAFLI

Almenn ákvæði.

6. gr.

Samsetning lausafjárforða.

1. Til að teljast til lausafjárforða skulu lausar eignir uppfylla allar eftirfarandi kröfur:
 - a. Almennar kröfur samkvæmt 7. gr.
 - b. Skipulagskröfur samkvæmt 8. gr.
 - c. Skilyrði til flokkunar sem 1. eða 2. stigs eign samkvæmt 2. kafla.

7. gr.

Almennar kröfur vegna lausra eigna.

1. Eignir lánastofnunar skulu uppfylla ákvæði 2.-6. mgr. þessarar greinar til þess að geta talist sem laus eign.
2. Eignir skulu vera fasteign, réttindi eða annars konar eignir í eigu lánastofnunarinnar og án allra kvaða. Eign telst kvaðalaus þegar lög, samningar, reglur eða aðrar takmarkanir standa ekki í vegi fyrir slitum, sölu, yfirfærslu, framsali eða annars konar ráðstöfun eignarinnar með beinni sölu eða endurhverfum samningi innan næstu 30 daga. Eftirfarandi eignir teljast kvaðalausar:
 - a. Eignir, þ. á m. eignasöfn, sem nota má tafarlaust sem tryggingu í samningsbundnum en ófjármögnum lánalínum sem eru aðgengilegar lánastofnuninni. Meðal slíkra eigna eru eignir sem lánastofnun leggur inn hjá miðlægri stofnun í samvinnu- eða stofnanaverndarkerfi. Lánastofnun skal gera ráð fyrir því að eignir í eignasafninu séu háðar kvöðum í vaxandi mæli miðað við seljanleika þeirra á grundvelli lausafjórðunnar samkvæmt 2. kafla, þar sem eignir sem ekki uppfylla skilyrði þess að teljast til lausafjárforða eru fyrstar í röðinni.
 - b. Eignir sem lánastofnunin hefur fengið afhentar sem veð til að draga úr útlánaáhættu í öfugum endurhverfum viðskiptum eða verðbréfavíðskiptum og lánastofnuninni er heimilt að ráðstafa.
3. Eignir mega ekki vera útgefnar af lánastofnuninni sjálfri, móðurfélagi eða dótturfélagi hennar, öðru dótturfélagi móðurfélags hennar eða af sérstökum verðbréfunaraðila sem lánastofnunin hefur náin tengsl við. Eignir mega þó vera útgefnar af móðurfélagi lánastofnunar sé það opinbert fyrirtæki sem ekki er lánastofnun.
4. Eignir mega ekki vera útgefnar af eftirfarandi aðilum:
 - a. Annarri lánastofnun, nema útgefandi sé opinbert fyrirtæki, sbr. c-lið 1. mgr. 10. gr. og a-b-liði 1. mgr. 11 gr., eignin sé sértryggt skuldabréf, sbr. f-lið 1. mgr. 10. gr. og c-d-liði 1. mgr. 11. gr., eða eignina megi flokka samkvæmt e-lið 1. mgr. 10. gr.
 - b. Verðbréfafyrirtæki.
 - c. Vátryggingafélagi.
 - d. Endurvátryggingafélagi.
 - e. Eignarhaldsfélagi á fjármálasviði.
 - f. Blönduðu eignarhaldsfélagi á fjármálasviði.
 - g. Sérhverjum öðrum aðila er annast að minnsta kosti eina tegund þeirrar starfsemi sem tilgreind er í 1. mgr. 20. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki að undanskildum sérstökum verðbréfunaraðilum.
5. Hægt skal vera að meta virði eigna á grundvelli aðgengilegs markaðsverðs. Liggi markaðsverð ekki fyrir skal vera hægt að reikna virði eigna á grundvelli einfaldrar reiknireglu sem byggð er á opinberum gögnum og ekki er verulega háð matsatriðum.
6. Eignir skulu skráðar á skipulögðum verðbréfamarkaði eða söluhæfar á markaði eða í einföldum endurhverfum viðskiptum á viðurkenndum endurkaupamörkuðum. Meta skal hvort þessi skilyrði séu uppfyllt fyrir hvern einstakan markað. Eign sem tekin er til viðskipta á skipulögðum markaði sem ekki er viðurkenndur, annaðhvort í aðildarríki eða utan þess, skal aðeins teljast laus eign sé markaðurinn nægilega stór og viðskipti á honum teljast nægilega virk til þess að gera beina sölu eigna mögulega. Við mat á því hvort markaður sé nægilega stór og virkur skal lánastofnun að lágmarki horfa til eftirfarandi þátta:
 - a. Söguleg gögn sýni breidd og dýpt markaðarins, þar sem sýnt er fram á lítinn mun á kaup- og sölutilboðum, mikla veltu og stóran og fjölbreyttan hóp markaðsaðila.
 - b. Til staðar séu traustir markaðsinnviðir.
7. Skilyrði 5. og 6. mgr. ná ekki til:
 - a. Seðla og myntar, sbr. a-lið 1. mgr. 10. gr.
 - b. Skuldbindinga gagnvart seðlabönkum, sbr. b- og d-liði 1. mgr. 10. gr. og b-lið 1. mgr. 11. gr.
 - c. Samningsbundinnar lausafjórðungreiðslu til takmarkaðra nota, sbr. d-lið 1. mgr. 12. gr.
 - d. Innlána og annarrar fjármögnunar í samvinnu- og stofnanaverndarkerfum samkvæmt 16. gr.

8. gr.

Skipulagskröfur.

1. Lánastofnun skal setja sér stefnu og mörk til að tryggja hæfilega dreifingu lausra eigna sem á hverjum tíma mynda lausafjárforða þeirra. Taka skal tillit til dreifingar milli og innan mismunandi eignaflokka sbr. 2. kafla þessa bóls og allra annarra atriða sem kunna að skipta máli, svo sem útgefanda, mótaðila eða landfræðilega staðsetningu útgefenda og mótaðila.

Seðlabankinn getur krafist breytinga á samsetningu lausra eigna til að tryggja að dreifing lausafjäreigna sé fullnægjandi sbr. 1. mgr., nema um sé að ræða:

- a. eftirfarandi 1. stigs eignir:
 - i. Seðla og mynt, sbr. a-lið 1. mgr. 10. gr.
 - ii. Kröfur á seðlabanka, sbr. b- eða d-lið 1. mgr. 10. gr.
 - iii. Kröfur á fjölbjóða þróunarbanka eða alþjóðlegar stofnanir, sbr. g-lið 1. mgr. 10. gr. og eignir sem eru tryggðar af þeim.
- b. 1. stigs eignir sem eru kröfur á ríkissjóði, sveitarfélög, héraðsstjórnir og opinber fyrirtæki skv. c- og d-liðum 1. mgr. 10. gr. og eignir sem eru tryggðar af þeim, að því tilskildu að eignunum sé ætlað að mæta nettó útlæði lausafjár undir álagsskilyrðum í gjaldmiðli aðildarríkis eða ríkis utan aðildarríkja, eða eignin sé gefin út af ríkissjóði, sveitarfélögum, héraðsstjórnnum eða opinberum fyrirtækjum í heimaríki lánastofnunarinnar.
- c. Samningsbundna lausafjárþyrirgreiðslu til takmarkaðra nota skv. d-lið 1. mgr. 12. gr.

2. Lánastofnun skal hafa greiðan aðgang að lausafjäreignum sínum og geta breytt þeim í reiðufé hvenær sem er næstu 30 daga á álagstíma með beinni sölu eða endurhverfum viðskiptum á viðurkenndum endurkaupamörkuðum. Lánastofnun telst hafa greiðan aðgang að lausafjäreign þegar engar lagalegar eða annars konar hindranir koma í veg fyrir tímanlega umbreytingu hennar í reiðufé.

Eignir sem notaðar eru til að bæta lánshæfi vegna samsettra fjármálagerna eða til að mæta rekstrarkostnaði lánastofnunar skulu ekki teljast aðgengilegar.

Eignir staðsettar utan aðildarríkja þar sem takmarkanir eru á framseljanleika þeirra skulu eingöngu teljast aðgengilegar til að mæta útlæði lausafjár í viðkomandi ríki. Eignir sem eru í óskiptanlegum (e. *non-convertible*) gjaldmiðli skulu eingöngu teljast aðgengilegar til að mæta útlæði lausafjár í viðkomandi gjaldmiðli.

3. Lánastofnun skal tryggja að lausafjäreignir þeirra séu undir stjórn tilgreindrar lausafjárstýringardeildar innan fyrirtækisins. Sýna skal fram á að þessu skilyrði sé fullnægt með því að:

- a. setja lausafjäreignir í aðskilið safn, sem stjórnað er með beinum hætti af lausafjárstýringardeild, með þann eina tilgang að nýta eignirnar sem varasjóð, þar á meðal á álagstíma; eða
- b. hafa til staðar innri kerfi og ferla sem tryggja að lausafjárstýringardeild hafi skilvirk úrræði til að breyta lausafjäreignum í reiðufé hvenær sem er næstu 30 daga á álagstíma og nýta eignir án þess að ganga gegn fyrirliggjandi viðskipta- eða áhættustýringarstefnu með beinum hætti. Sér í lagi skal halda eign utan lausafjárforða ef hún er áhættuvörn og sala eignarinnar myndar opna áhættustöðu sem er umfram innri mörk lánastofnunarinnar; eða
- c. nota sambland af valkostum a- og b-liða, enda hafi Seðlabankinn samþykkt fyrirkomulagið.

4. Lánastofnun skal reglulega og að minnsta kosti árlega breyta í reiðufé dæmigerðu úrtaki lausafjäreigna sinna með beinni sölu eða einföldum endurhverfum samningi á viðurkenndum endurkaupamarkaði. Lánastofnun skal hafa til staðar aðferðir til að ráðstafa úrtaki lausafjäreigna sem nægja til að:

- a. Prófa markaðshæfni eigna.
- b. Gangu úr skugga um virkni ferla lánastofnunarinnar til að breyta eignum í reiðufé.
- c. Lágmarka áhættu á neikvæðum skilaboðum til markaðarins vegna breytinga lausafjäreigna lánastofnunarinnar í reiðufé á álagstímum.

Krafa samkvæmt a-c-liðum gildir hvorki um 1. stigs eignir sem vísað er til í 10. gr. aðrar en hágæða sértryggð skuldabréf né takmarkaða samningsbundna lausafjárþyrirgreiðslu samkvæmt d-lið 1. mgr. 12. gr. Sama á við um innlán og aðra lausafjäreignun í samvinnu- og stofnanaverndarkerfum samkvæmt 16. gr.

5. Ákvæði 2. mgr. koma ekki í veg fyrir að lánastofnun verji sig fyrir markaðsáhættu lausafjäreigna enda séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:
- Lánastofnun hefur gert viðeigandi ráðstafanir samkvæmt 2. og 3. mgr. til þess að tryggja að lausafjäreignir séu áfram aðgengilegar og undir stjórn lausafjárstyringardeildar.
 - Þegar viðkomandi eign er metin samkvæmt 9. gr. er tekið tillit til nettó inn- og útlæðis lausafjár sem kæmi í kjölfar snemmmelosunar á áhættuvörn.
6. Lánastofnun skal tryggja að gjaldmiðlasamsetning lausafjäreigna sé í samræmi við gjaldmiðlasamsetningu nettó útlæðis. Seðlabankinn getur krafist þess að lánastofnun lágmarki gjaldmiðlamisræmi með því að takmarka hlutfall nettó útlæðis lausafjár í tilteknum gjaldmiðli sem mæta má á álagstíma með lausafjäreignum í öðrum gjaldmiðli. Slík takmörkun gildir eingöngu um reiknings-skilagjaldmiðil eða gjaldmiðil þar sem heildarskuldbindingar eru jafnar eða umfram 5% af heildarskuldum lánastofnunarinnar. Við ákvörðun takmörkunar á gjaldmiðlamisræmi sem beita má samkvæmt þessari málsgrein skal Seðlabankinn að lágmarki taka tillit til eftirfarandi:
- Hvort lánastofnunin sé fær um að framkvæma eina eða fleiri eftirfarandi aðgerða:
 - Nota lausafjäreignir til að afla lausafjár í þeim gjaldmiðli og þeirri lögsögu þar sem nettó útlæði lausafjár á sér stað.
 - Skipta á gjaldmiðlum og afla fjár á gjaldeyrismörkuðum undir álagsskilyrðum í samræmi við 30 daga álagstímabil samkvæmt 3. og 4. gr.
 - Breyta lausafé úr einum gjaldmiðli í annan og millifæra úr einni lögsögu í aðra og milli lögaðila innan samstæðu undir álagsskilyrðum í samræmi við 30 daga álagstímabil samkvæmt 3. og 4. gr.
 - Áhrifa skyndilegra og neikvæðra gengisbreytinga á núverandi misræmi og á virkni gengisáhættuvarna sem kunna að vera til staðar.
- Takmarkanir á gjaldmiðlamisræmi sem lagðar er á samkvæmt þessari málsgrein skulu taldar sérstakar lausafjárkröfur.

9. gr.

Mat á lausum eignum.

1. Lánastofnun skal meta lausar eignir á markaðsvirði við útreikning lausafjárhlutfalls. Markaðsvirði lausra eigna skal lækkað með frádragi samkvæmt II. kafla og b-lið 5. mgr. 8. gr. þar sem við á.

2. KAFLI

Lausafjäreignir.

10. gr.

1. stigs eignir.

1. Einungis þær eignir sem falla undir einn eða fleiri eftirfarandi flokka og uppfylla aðrar viðeigandi kröfur má flokka sem 1. stigs eignir:
- Mynt og seðlar.
 - Eftirfarandi áhættuskuldbindingar gagnvart seðlabönkum:
 - Kröfur á Seðlabanka Evrópu (ECB) eða seðlabanka aðildarríkis og eignir sem tryggðar eru af þeim.
 - Kröfur á aðra seðlabanka en í i-lið og eignir sem tryggðar eru af þeim, að því tilskildu að viðkomandi seðlabanki eða ríkissjóður viðkomandi ríkis hafi hlotið lánshæfismat hjá viðurkenndu lánshæfismatsfyrirtæki, sbr. 34. gr. reglugerðar nr. 233/2017 um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, sem nemur að minnsta kosti fyrsta þrepi útlánagæða samkvæmt 2. mgr. 18. gr. sömu reglugerðar.
 - Fé lánastofnunar á bindireikningi hjá seðlabanka samkvæmt i- og ii-liðum að því tilskildu að fyrir liggi samningur milli lánastofnunar og viðkomandi seðlabanka um að lánastofnunin geti tekið út af bindireikningi á álagstíma.
 - Kröfur á eftirfarandi ríkissjóði, sveitarfélög, héraðsstjórnir eða opinber fyrirtæki og eignir sem eru tryggðar af þeim:
 - Ríkissjóðir aðildarríkja.

- ii. Ríkissjóðir utan aðildarríkja, að því tilskildu að þeir hafi hlotið lánshæfismat hjá viðurkenndu lánshæfismatsfyrirtæki sem nemur að minnsta kosti fyrsta þrepi útlánagæða samkvæmt 2. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 233/2017.
 - iii. Sveitarfélög eða héraðsstjórnir í aðildarríki, að því tilskildu að eignirnar flokkist sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkissjóði viðkomandi ríkis samkvæmt 2. og 3. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 233/2017.
 - iv. Sveitarfélög eða héraðsstjórnir í ríkjum utan aðildarríkja sem vísað er til í ii-lið, enda flokkist eignirnar sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkissjóði viðkomandi ríkis samkvæmt 2. og 3. mgr. 19. gr. reglugerðar nr. 233/2017.
 - v. Opinber fyrirtæki, að fengnu samþykki Seðlabankans, enda flokkist eignirnar sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkissjóði, sveitarfélagi eða héraðsstjórn viðkomandi aðildarríkis samkvæmt i- eða iii-lið að uppfylltum skilyrðum 5. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 233/2017.
- d. Hafi ríkissjóður utan aðildarríkja ekki hlotið lánshæfismat hjá viðurkenndu lánshæfismatsfyrirtæki sem nemur að minnsta kosti fyrsta þrepi útlánagæða samkvæmt 2. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 233/2017, er eingöngu heimilt að nota kröfur á ríkissjóð eða seðlabanka viðkomandi ríkis og eignir sem eru tryggðar af þeim sem 1. stigs eignir að því marki að þær mæti nettó útflæði lausafjár á álagstíma í sama gjaldmiðli. Sé eignin ekki í gjaldmiðli viðkomandi ríkis má lánastofnun færa hana sem 1. stigs eign að hámarki sem nemur nettó útflæði lausafjár í þeim gjaldmiðli og í þeirri lögsögu þar sem lausafjárahættan er tekin.
- e. Eignir útgefnar af lánastofnunum sem uppfylla að minnsta kosti annað eftirfarandi tveggja skilyrða:
- i. Útgefandinn er lánastofnun stofnuð af aðildarríki, héraðsstjórn eða sveitarfélögum í aðildarríki. Ríkissjóður eða sveitarfélög bera lagalega ábyrgð á fjárhag lánastofnunarinnar og farið er með áhættuskuldbindingar héraðsstjórna eða sveitarfélaga eins og um væri að ræða áhættuskuldbindingar gagnvart ríkissjóði viðkomandi ríkis.
 - ii. Lánastofnunin er stuðningslánveitandi.
- f. Áhættuskuldbindingar í formi hágæða sértryggðra skuldabréfa, sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
- i. Þau eru sértryggð skuldabréf samkvæmt lögum nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf eða samkvæmt sambærilegri löggjöf innan aðildarríkja eða eru hæf til að njóta meðferðar samkvæmt 4. eða 5. mgr. 28. gr. reglugerðar nr. 233/2017.
 - ii. Áhættuskuldbindingar gagnvart stofnunum í tryggingasafninu uppfylla skilyrði 3. tölul. 2. mgr. 28. gr. reglugerðar nr. 233/2017.
 - iii. Bæði lánastofnunin sem fjárfestir í sértryggðu skuldabréfi og útgefandi þess uppfylla gagnsæisskilyrði sem felast í því að upplýsingar eru aðgengilegar um virði veða og úti-standandi sértryggð bréf, landfræðilega skiptingu og tegund veða, fjárhæð einstakra lána, vexti og gjaldmiðlaáhættu ásamt eftirstöðvatíma bæði veða og sértryggðu skuldabréfanna auk upplýsinga um hlutfall lána sem hafa verið í vanskilum í 90 daga eða lengur. Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar að lágmarki á hálfárs fresti.
 - iv. Stærð útgáfunnar er að minnsta kosti 500 milljónir evra (eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í innlendum gjaldeyri).
 - v. Skuldabréfin hafi fengið lánshæfismat hjá viðurkenndu lánshæfismatsfyrirtæki sem nemur að minnsta kosti fyrsta þrepi útlánagæða samkvæmt 4. mgr. 28. gr. reglugerðar nr. 233/2017 eða sambærilegu þrepi útlánagæða í tilviki skammtíma lánshæfismats, eða bréfin hafi 10% áhættuvog samkvæmt 5. mgr. sömu greinar ef ekkert lánshæfismat er til staðar.
 - vi. Tryggingasafnið uppfyllir ávallt eignaþekjukuröfu sem er að minnsta kosti 2% umfram þá fjárhæð sem þarf til að mæta kröfum vegna skuldabréfanna.
- g. Kröfur á fjölbjóða þróunarbanka og alþjóðlegar stofnanir samkvæmt 1. og 4. mgr. 21. gr. reglugerðar nr. 233/2017 og eignir sem eru tryggðar af þeim.

2. Markaðsvirði hágæða sértryggðra skuldabréfa, sbr. f-lið 1. mgr., skal sæta að minnsta kosti 7% frádragi. Ekki þarf að beita frádragi gagnvart öðrum 1. stigs eignum nema um sé að ræða hlutdeildarskírteini eða hluti í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt a- og b-liðum 2. mgr. 15. gr.

11. gr.

2. stigs (a) eignir.

1. Einungis þær eignir sem falla undir einn eða fleiri eftirfarandi flokka geta talist 2. stigs (a) eignir:

- a. Kröfur á sveitarfélög, héraðsstjórnir eða opinber fyrirtæki innan aðildarríkja og eignir sem tryggðar eru af þeim, enda fái þær 20% áhættuvog samkvæmt 1. og 4. mgr. 19. gr. og 1.-3. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 233/2017, eftir því sem við á.
- b. Kröfur á ríkissjóði, seðlabanka, sveitarfélög, héraðsstjórnir eða opinber fyrirtæki utan aðildarríkja og eignir sem tryggðar eru af þeim, enda fái þær 20% áhættuvog samkvæmt 2. mgr. 18. gr., 19. eða 20. gr. reglugerðar nr. 233/2017, eftir því sem við á.
- c. Áhættuskuldbindingar í formi hágæða sértryggðra skuldabréfa, sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
 - i. Þau eru sértryggð skuldabréf samkvæmt lögum nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf eða samkvæmt sambærilegri löggjöf innan aðildarríkja eða eru hæf til að njóta meðferðar samkvæmt 4. eða 5. mgr. 28. gr. reglugerðar nr. 233/2017.
 - ii. Áhættuskuldbindingar gagnvart stofnunum í tryggingasafninu uppfylla skilyrði 3. tölul. 2. mgr. 28. gr. reglugerðar nr. 233/2017.
 - iii. Bæði lánastofnunin sem fjárfestir í sértryggðu skuldabréfi og útgefandi þess uppfylla gagnsæisskilyrði sem felast í því að upplýsingar eru aðgengilegar um virði veða og útistandandi sértryggð bréf, landfræðilega skiptingu og tegund veða, fjárhæð einstakra lána, vexti og gjaldmiðlaáhættu ásamt eftirstöðvatíma bæði veða og sértryggðu skuldabréfanna auk upplýsinga um hlutfall lána sem hafa verið í vanskilum í 90 daga eða lengur. Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar að lágmarki á hálfárs fresti.
 - iv. Stærð útgáfunnar er að minnsta kosti 250 milljónir evra (eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í innlendum gjaldeyri).
 - v. Skuldabréfin hafa fengið lánshæfismat hjá viðurkenndu lánshæfismatsfyrirtæki sem nemur að minnsta kosti öðru þrepi útlánagæða samkvæmt 4. mgr. 28. gr. reglugerðar nr. 233/2017 eða sambærilegu þrepi útlánagæða í tilviki skammtíma lánshæfismats; eða bréfin hafa 20% áhættuvog samkvæmt 5. mgr. sömu greinar ef ekkert lánshæfismat er til staðar.
 - vi. Tryggingasafnið uppfyllir ávallt eignaþekjukuröfu sem er að minnsta kosti 7% umfram þá fjárhæð sem þarf til að mæta kröfum vegna skuldabréfanna. Þegar um er að ræða sértryggð skuldabréf með lánshæfismat sem nemur fyrsta þrepi útlánagæða en uppfylla ekki lágmarks stærðarskilyrði til flokkunar sem sértryggð skuldabréf samkvæmt iv-lið f-liðar 1. mgr. 10. gr. en uppfylla þó skilyrði til flokkunar sem sértryggð skuldabréf samkvæmt i-iv-liðum þessa liðar skulu þau að lágmarki háð 2% eignaþekjukuröfu.
- d. Áhættuskuldbindingar í formi hágæða sértryggðra skuldabréfa sem eru útgefin af lánastofnunum utan aðildarríkja skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
 - i. Þau skulu samkvæmt lögum viðkomandi ríkis vera skilgreind sem skuldabréf útgefin af lánastofnun eða dótturfélagi sem er að öllu leyti í eigu hennar og með ábyrgð lánastofnunarinnar. Skuldabréfin skulu vera tryggð með tryggingasafni eigna og skulu eigendur skuldabréfanna eiga forgangsrétt til endurgreiðslu höfuðstóls og vaxta komi til vanefnda útgefanda.
 - ii. Útgefandi skuldabréfanna og bréfin sjálf skulu, samkvæmt lögum viðkomandi ríkis, vera háð sérstöku opinberu eftirliti sambærilegu því og gildir hér á landi.
 - iii. Skuldabréfin eru tryggð með veði í eignum sem falla undir 2., 4., 5. eða 6. tölul. 2. mgr. 28. gr. reglugerðar nr. 233/2017 og skilyrði 3. mgr. sömu greinar eru uppfyllt.
 - iv. Áhættuskuldbindingar gagnvart lánastofnunum í tryggingasafninu uppfylla skilyrði 3. tölul. 2. mgr. 28. gr. reglugerðar nr. 233/2017.

- v. Bæði lánastofnun sem fjárfestir í sértryggðu skuldabréfi og útgefandi þess uppfylla gagnsæisskilyrði sem felast í því að upplýsingar eru aðgengilegar um virði veða og útistandandi sértryggð bréf, landfræðilega skiptingu og tegund veða, fjárhæð einstakra lána, vexti og gjaldmiðlaáhættu ásamt eftirstöðvatíma bæði veða og sértryggðu skuldabréfanna auk upplýsinga um hlutfall lána sem hafa verið í vanskilum í 90 daga eða lengur. Þessar upplýsingar þurfa að vera aðgengilegar að lágmarki á hálfárs fresti.
- vi. Skuldabréfin hafa fengið lánshæfismat hjá viðurkenndu lánshæfismatsfyrirtæki sem nemur að minnsta kosti fyrsta þrepi útlánagæða samkvæmt 4. mgr. 28. gr. reglugerðar nr. 233/2017 eða sambærilegu þrepi í tilviki skammtímaskuldbindinga, eða bréfin hafi 10% áhættuvog samkvæmt 5. mgr. sömu greinar ef ekkert lánshæfismat er til staðar.
- vii. Tryggingasafnið uppfyllir ávallt eignaþekjukuröfu sem er að minnsta kosti 7% umfram þá fjárhæð sem þarf til að mæta kröfum vegna skuldabréfanna. Þegar stærð útgáfunnar er að minnsta kosti 500 milljónir evra (eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í innlendum gjaldeyri) skulu þau að lágmarki vera háð 2% eignaþekjukuröfu.
- e. Fyrirtækjaskuldabréf sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
 - i. Þau hafa fengið lánshæfismat hjá viðurkenndu lánshæfismatsfyrirtæki sem nemur að minnsta kosti fyrsta þrepi útlánagæða samkvæmt 23. gr. reglugerðar nr. 233/2017 eða sambærilegu þrepi útlánagæða í tilviki skammtíma lánshæfismats.
 - ii. Stærð útgáfunnar er að minnsta kosti 250 milljónir evra (eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í innlendum gjaldeyri).
 - iii. Hámarkslengd bréfanna við útgáfu er 10 ár.
- 2. Markaðsvirði sérhverrar 2. stigs (a) eignar skal fá að minnsta kosti 15% frádrag.

12. gr.

2. stigs (b) eignir.

1. Einungis þær eignir sem falla undir einn eða fleiri eftirfarandi flokka og uppfylla aðrar viðeigandi kröfur má flokka sem 2. stigs (b) eignir:
 - a. Eignavarin verðbréf sem uppfylla skilyrði 13. gr.
 - b. Fyrirtækjaskuldabréf sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
 - i. Þau hafa fengið lánshæfismat hjá viðurkenndu lánshæfismatsfyrirtæki sem nemur að minnsta kosti þriðja þrepi samkvæmt 23. gr. reglugerðar nr. 233/2017 eða sambærilegu þrepi í tilviki skammtímaskuldbindinga.
 - ii. Stærð útgáfunnar er að minnsta kosti 250 milljónir evra (eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í innlendum gjaldeyri).
 - iii. Hámarkslengd bréfanna við útgáfu er 10 ár.
 - c. Hlutabréf, enda uppfylli þau öll eftirfarandi skilyrði:
 - i. Þau eru hluti af hlutabréfavísitölu í aðildarríki eða ríki utan aðildarríkja, sem eftirlitsaðili í viðkomandi ríki hefur skilgreint sérstaklega sem viðurkennda hlutabréfavísitölu, með tilliti til þessa liðar. Ef engar skilgreiningar liggja fyrir af hálfu eftirlitsaðila um stórar hlutabréfavísitölur, skal lánastofnun horfa til hlutabréfavísitölu sem samsett er úr lykilyfirtækjum í viðkomandi lögsögu.
 - ii. Þau eru í gjaldmiðli heimaríkis lánastofnunarinnar. Hlutabréf í öðrum gjaldmiðli er einungis heimilt að flokka sem 2. stigs (b) eignir til þess að mæta fjárhæð sem jafngildir nettó útflæði lausafjár á álagstíma í þeim gjaldmiðli eða í þeirri lögsögu þar sem lausafjáráhættan er tekin.
 - iii. Sýnt sé fram á að þau séu auðseljanleg á hverjum tíma, þar á meðal á álagstíma. Þetta skilyrði telst uppfyllt þegar lækkun hlutabréfaverðs fer ekki yfir 40% eða hækkun á frádragi ekki yfir 40 prósentustig á 30 daga álagstímabili á markaði.
 - d. Samningsbundin lausafjárfyrirgreiðsla til takmarkaðra nota sem kann að vera veitt af Seðlabanka Evrópu, seðlabanka aðildarríkis eða seðlabanka utan aðildarríkja, enda séu skilyrði 14. gr. uppfyllt.
 - e. Hágæða sértryggð skuldabréf sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:

- i. Þau eru sértrygð skuldabréf samkvæmt lögum nr. 11/2008 um sértrygð skuldabréf eða samkvæmt sambærilegri löggjöf innan aðildarríkja eða hæf til að njóta meðferðar samkvæmt 4. eða 5. mgr. 28. gr. reglugerðar nr. 233/2017.
 - ii. Lánastofnun sem fjárfestir í sértrygðu skuldabréfi uppfyllir gagnsæisskilyrði sem felast í því að upplýsingar eru aðgengilegar um virði veða og útistandandi sértrygð bréf, landfræðilega skiptingu og tegund veða, fjárhæð einstakra lána, vexti og gjaldmiðla-áhættu ásamt eftirstöðvatíma bæði veða og sértrygðu skuldabréfanna auk upplýsinga um hlutfall lána sem hafa verið í vanskilum í 90 daga eða lengur. Þessar upplýsingar þurfa að vera aðgengilegar að lágmarki á hálfárs fresti.
 - iii. Útgefandi sértrygðu skuldabréfanna veitir fjárfestum upplýsingar skv. ii-lið að minnsta kosti ársfjórðungslega.
 - iv. Stærð útgáfunnar er að minnsta kosti 250 milljónir evra (eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í innlendum gjaldeyri).
 - v. Skuldabréfin eru tryggð með veði í eignum sem falla undir 1. eða 4. tölul. 2. mgr. 28. gr. reglugerðar nr. 233/2017.
 - vi. Safn undirliggjandi eigna samanstendur einungis af áhættuskuldbindingum sem fengju 35% áhættuvog eða lægri samkvæmt 25. gr. reglugerðar nr. 233/2017.
 - vii. Tryggingasafnið uppfyllir ávallt eignaþekjukuröfu sem er að minnsta kosti 10% umfram þá fjárhæð sem þarf til að mæta kröfum vegna sértrygðu skuldabréfanna.
 - viii. Lánastofnun sem gefur út bréfin tilkynnir opinberlega mánaðarlega að tryggingasafnið uppfylli 10% eignaþekjukuröfu.
- f. Lánastofnun sem samkvæmt samþykktum sínum má ekki eiga vaxtaberandi eignir af trúarlegum ástæðum getur talið til lausra eigna vaxtalausar kröfur á seðlabanka innan aðildarríkja og seðlabanka, ríkissjóði, sveitarfélög eða opinber fyrirtæki í ríkjum utan aðildarríkja og eignir sem tryggðar eru af þeim, enda hafa eignirnar fengið lánshæfismat hjá viðurkenndu lánshæfismatsfyrirtæki sem nemur að minnsta kosti fimmta þrepi samkvæmt 18. gr. reglugerðar nr. 233/2017 eða sambærilegu þrepi í tilviki skammtímaskuldbindinga.
2. Markaðsvirði sérhverrar 2. stigs (b) eignar skal sæta að minnsta kosti eftirfarandi frádragi:
 - a. Verðbréfavafningar, viðeigandi frádrag samkvæmt 14. mgr. 13. gr.;
 - b. 50% frádrag vegna fyrirtækjaskuldabréfa samkvæmt b-lið 1. mgr.;
 - c. 50% frádrag vegna hlutabréfa samkvæmt c-lið 1. mgr.;
 - d. 30% frádrag vegna sértrygðra skuldabréfa og útgáfna samkvæmt e-lið 1. mgr.;
 - e. 50% frádrag vegna vaxtalausra eigna samkvæmt f-lið 1. mgr.
 3. Seðlabankinn getur veitt lánastofnun, sem samkvæmt samþykktum sínum er óheimilt að eiga vaxtaberanlegar eignir af trúarlegum ástæðum, heimild til að víkja frá ii- og iii-liðum b-liðar 1. mgr. að því tilskildu að staðfestur sé skortur á vaxtalausum eignum sem uppfylla skilyrði þessara liða og að staðfest sé að viðkomandi vaxtalausar eignir séu nægjanlega seljanlegar á markaði. Við mat á því hvort vaxtalausar eignir séu nægjanlega seljanlegar skal litið til eftirfarandi:
 - a. Tiltæk gögn varðandi seljanleika á markaði, þ.m.t. veltu, verðbil kaup- og sölutilboða, verðflökt og verðáhrif; og
 - b. aðra þætti varðandi seljanleika þeirra, þ.m.t. söguleg gögn er sýna breidd og dýpt markaðar fyrir þessar vaxtalausar eignir, fjölda og fjölbreytileika þátttakenda á markaði og tilvist traustra markaðsinnviða.

13. gr.

2. stigs (b) verðbréfavafningar.

1. Eignavarin verðbréf samkvæmt a-lið 1. mgr. 12. gr. skulu teljast 2. stigs (b) verðbréfavafningar uppfylli þau skilyrði 2.-14. mgr.
2. Bæði verðbréfuð staða og undirliggjandi áhættuskuldbindingar skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
 - a. Verðbréfuð staða skal hafa fengið lánshæfismat hjá viðurkenndu lánshæfismatsfyrirtæki sem nemur að minnsta kosti fyrsta þrepi útlánagæða samkvæmt 1. mgr. 45. gr. reglugerðar nr.

233/2017, eftir því sem við á, eða sambærilegu þrepi útlánagæða í tilviki skammtíma láns-hæfismats.

- b. Verðbréfuð staða er í efsta áhættulagi verðbréfavafningsins og nýtur forgangs út líftíma viðskiptanna. Áhættulag skal í þessum skilningi teljast njóta forgangs ef það vikur ekki fyrir öðrum áhættulögum vegna vaxta- og höfuðstólsgreiðslna komi fram tilkynning um fullnustu eða gjaldfellingu. Við mat á forgangi skal ekki tekið tillit til greiðslna samkvæmt vaxta-samningum eða gjaldmiðlaafleiðusamningum, þóknana eða annarra slíkra greiðslna.
- c. Sérstakur verðbréfunaraðili er lögmætur eigandi undirliggjandi áhættuskuldbindinga og hann einn hefur ráðstöfunarrétt yfir þeim og þær verða ekki teknar til skipta með búi seljanda komi til greiðsluþrots hans.
- d. Framsal undirliggjandi áhættuskuldbindinga til sérstaks verðbréfunaraðila má ekki vera endurkræft (e. *clawback provisions*) í þeirri lögsögu þar sem seljandi, útgefandi, ábyrgðar-maður eða upphaflegur lánveitandi hefur staðfestu. Meðal annars skal tryggt að skiptastjóri seljanda (útgefanda, ábyrgðarmanns eða upphaflegs lánveitanda) geti ekki rift framsalinu á þeirri forsendu að það hafi farið fram innan riftunarfresta laga viðkomandi ríkis eða að sérstakur verðbréfunaraðili þurfi að sanna grandleysi sitt um fjárhagsstöðu seljanda þegar framsalið fór fram.
- e. Þjónustusamningur vegna umsýslu undirliggjandi áhættuskuldbindinga skal innihalda ákvæði um samfellu þjónustu sem tryggir a.m.k. að þjónusta falli ekki niður við vanskil eða greiðsluþrot þjónustuaðila.
- f. Samningsskilmálar verðbréfavafningsins skulu innihalda ákvæði um samfellu sem tryggja að lágmarki, að komi til vanskila eða greiðsluþrots mótaðila afleiðusamnings og lausafjár-veitenda komi aðrir í stað þeirra, þar sem við á.
- g. Verðbréfaða staðan skal tryggð með einsleitu safni áhættuskuldbindinga sem tilheyra allar aðeins einum af eftirfarandi liðum:
 - i. Fasteignalánnum tryggðum með veði á fyrsta veðrétti sem veitt hafa verið einstaklingum til kaupa á fasteign til eigin nota, enda sé annað eftirfarandi tveggja skilyrða uppfyllt:
 - a. Lánin í safninu uppfylla að meðaltali veðhlutfall samkvæmt 4. tölul. 2. mgr. 28. gr. reglugerðar nr. 233/2017.
 - b. Í lögum þess aðildarríkis þar sem lánin voru veitt eru ákvæði um lánahlutfall (e. *loan to income*) lántaka vegna lána til fasteignakaupa og aðildarríkið hefur tilkynnt framkvæmdastjórninni og Evrópska bankaeftirlitinu um lögin. Lánahlutfallið skal reiknað á grundvelli brúttóárstekna lántaka að teknu tilliti til skattskuldbindinga og annarra skuldbindinga hans og áhættu á vaxtabreytingum á líftíma lánsins. Fyrir hvert fasteignalán í safninu skal hlutfall brúttótekna sem nota má til endurgreiðslu lánsins, þ.m.t. vaxta, höfuðstóls og annarra gjalda, vera að hámarki 45%.
 - ii. Viðskiptalánnum, leigusamningum og lánafyrirgreiðslu til handa fyrirtækjum stofnuðum í aðildarríki til að fjármagna fjárfestingarútgjöld eða fyrirtækjastarfsemi aðra en kaup eða byggingu atvinnuhúsnæðis. Að minnsta kosti 80% fjárhæðar tryggingasafnsins séu lán til lítilla og meðalstórra fyrirtækja á þeim tíma er verðbréfavafningurinn er gefinn út og enginn lánþega er lánastofnun.
 - iii. Bílalánnum og leigusamningum við lántaka eða leigutaka með staðfestu eða heimilisfesti í aðildarríki. Lán samkvæmt þessu ákvæði ná einnig til lána eða leigusamninga vegna fjármögnunar á tengivögnum, dráttarvélum vegna landbúnaðar eða skógræktar, mótör-hjólum eða mótörþríhjólum og ökutækjum á beltum. Slík lán eða leigusamningar geta auk þess falið í sér trygginga- og þjónustuvörur eða viðbótarvarahluti og í tilviki leigu-samninga, hrakvirði leigðra bifreiða. Öll lán og leigusamningar í tryggingasafninu skulu vera á fyrsta veðrétti eða með viðeigandi tryggingu svo sem eignarréttarfyrirvara.
 - iv. Neytendalánnum og lánafyrirgreiðslu til einstaklinga sem búsettir eru í aðildarríki og eru til eigin nota.
- h. Verðbréfaða staðan er ekki hluti af endurverðbréfun eða tilbúnum/gervi verðbréfavafningi.
- i. Hvorki framseljanlegir fjármálagerningar né afleiður eru meðal undirliggjandi áhættu-skuldbindinga. Þetta á þó ekki við um fjármálagerninga sem útgefnir eru af sérstaka

- verðbréfunaraðilanum sjálfum eða öðrum aðilum innan verðbréfavafningsins, og afleiður sem notaðar eru til áhættuvarna vegna gjaldmiðla- eða vaxtaáhættu.
- j. Við útgáfu verðbréfavafningsins skulu undirliggjandi áhættuskuldbindingar ekki vera gagnvart lántökum með skert láns hæfi eða, þar sem við á, ábyrgðaraðilum með skert láns hæfi. Sama á við ef bætt er við undirliggjandi áhættuskuldbindingar síðar. Lántaki eða ábyrgðaraðili með skert láns hæfi er aðili sem:
 - i. hefur lýst sig gjaldþrota eða samið við kröfuhafa um eftirgjöf á skuldum eða skuldbreytingu, eða kröfuhafar hans hafa fengið dómsúrskurð um aðfarargerð eða bætur vegna vanskila innan þriggja ára fyrir útgáfudag;
 - ii. er á opinberri vanskilaskrá;
 - iii. er með láns hæfismat frá viðurkenndu láns hæfismatsfyrirtæki eða láns hæfiseinkunn sem bendir til marktækt meiri hættu á vanskilum en í tilfelli meðallántaka með sömu tegund lána í viðkomandi lögsögu.
 - k. Við útgáfu verðbréfavafningsins skulu áhættuskuldbindingar ekki vera í vanskilum samkvæmt 26. gr. reglugerðar nr. 233/2017. Sama á við ef bætt er við undirliggjandi áhættuskuldbindingar síðar.
3. Endurgreiðsla verðbréfaðrar stöðu skal ekki vera að verulegu leyti háð sölu þeirra eigna sem standa til tryggingar undirliggjandi áhættuskuldbindingum. Þetta ákvæði kemur ekki í veg fyrir að slíkar áhættuskuldbindingar séu framlengdar eða þær endurfjármagnaðar.
 4. Viðskipti með verðbréfaða stöðu skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - a. Þar sem verðbréfavafningurinn hefur verið settur upp án veltitímabils (e. *revolving period*) eða veltitímabilið er liðið og þar sem tilkynning um aðfarargerð eða gjaldfellingu hefur verið afhent skal greiða höfuðstólsgreiðslur (e. *principal receipts*) vegna undirliggjandi áhættuskuldbindinga eigenda verðbréfuðu staðanna samkvæmt röð áhættulaga þar sem efsta áhættulag fær greitt fyrst (e. *sequential amortisation*) og verulegt reiðufé liggur ekki eftir hjá hinum sérstaka verðbréfunaraðila á hverjum gjalddaga.
 - b. Þar sem verðbréfunin kveður á um veltitímabil skulu samningsskilmálar skilgreina atburði sem leiða til gjaldfellingar (e. *early amortisation events*), sem eru að minnsta kosti eftirfarandi atburðir:
 - i. Rýrnun á útlánagæðum undirliggjandi áhættuskuldbindinga.
 - ii. Skortur á nýjum undirliggjandi áhættuskuldbindingum af að minnsta kosti svipuðum útlánagæðum.
 - iii. Atvik sem tengjast greiðsluþroti útgefanda eða þjónustuaðila.
 5. Við útgáfu verðbréfavafningsins skulu lántakar eða, þar sem við á, ábyrgðaraðilar hafa innt af hendi að minnsta kosti eina greiðslu, nema verðbréfavafningurinn sé tryggður með lánaþyrirgreiðslu skv. v-lið g-liðar 2. mgr.
 6. Þegar undirliggjandi áhættuskuldbindingar eru fasteignalán, sbr. i-lið g-liðar 2. mgr., skal tryggingasafnið ekki innihalda lán sem var markaðsett á þeirri forsendu að lánveitandi myndi ekki sannreyna upplýsingar sem veittar væru af umsækjanda lánsins eða þar sem við á milligönguaðila.
 7. Þegar undirliggjandi áhættuskuldbindingar eru fasteignalán, sbr. i-lið g-liðar 2. mgr., skal mat á láns hæfi lántaka uppfylla skilyrði VI. kafla laga nr. 118/2016 um fasteignalán til neytenda, eða samþærileg skilyrði ríkja utan aðildarríkja.
 8. Þegar undirliggjandi áhættuskuldbindingar eru lán til bifreiðakaupa, eignaleigusamningar, neytendalán eða lánaþyrirgreiðsla, sbr. iv- og v-liði g-liðar 2. mgr., skal mat á láns hæfi lántaka uppfylla skilyrði 10. gr. laga um neytendalán nr. 33/2013.
 9. Þegar útgefandi, ábyrgðarmaður eða upphaflegur lánveitandi verðbréfavafningsins er með staðfestu innan aðildarríkja skal hann uppfylla skilyrði 5. mgr. 75. gr. reglugerðar nr. 233/2017 og veita upplýsingar varðandi útlánagæði undirliggjandi áhættuskuldbindinga, samsetningu viðskipta, fjárfláði og öll veð er tryggja áhættuskuldbindingarnar. Auk þess skal veita greinargóðar upplýsingar sem fjárfestar þurfa til að framkvæma ítarleg álagspróf. Þegar útgefandi, ábyrgðarmaður eða upphaflegur lánveitandi er með staðfestu í ríki utan aðildarríkja skal hann við útgáfu og eftir það með reglubundnum hætti veita núverandi og tilvonandi fjárfestum og eftirlitsaðilum ítarlegar upplýsingar um lánin í samræmi við staðla sem eru almennt viðurkenndir af markaðsaðilum.

10. Undirliggjandi áhættuskuldbindingar mega ekki vera útgefnar af lánastofnuninni sjálfri, móðurfélagi eða dótturfélagi hennar, öðru dótturfélagi móðurfélags hennar, né af nokkru öðru félagi sem lánastofnunin hefur nán tengsl við.
11. Útgefin stærð áhættulagsins er að minnsta kosti 100 milljónir evra (eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í innlendum gjaldeyri).
12. Veginn meðaleffirstöðvatími áhættulagsins skal vera að hámarki 5 ár og skal reiknaður út frá fyrirframgreiðsluforsendum viðskiptanna (e. *pricing prepayment assumption*) eða föstu 20% fyrirframgreiðsluhlutfalli og miðast við hvort sem er lægra af þessu tvennu. Í síðara tilvikinu skal lánastofnunin gera ráð fyrir að kaupréttur verði nýttur á fyrsta leyfilega kaupréttardegi.
13. Útgefandi undirliggjandi áhættuskuldbindinga skal vera lánastofnun, eða fyrirtæki sem hefur að aðalstarfsemi eina eða fleiri tegundir þeirrar starfsemi sem tilgreind er í 2.-12. og 15. tölul. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
14. Markaðsvirði 2. stigs (b) verðbréfavafninga skal fá að minnsta kosti eftirfarandi frádrag:
- 25% vegna verðbréfavafninga sem tryggðir eru með eignum skv. i-, ii- og iv-liðum g-liðar 2. mgr.
 - 35% vegna verðbréfavafninga sem tryggðir eru með eignum skv. iii- og iv-liðum g-liðar 2. mgr.

14. gr.

Samningsbundin lausafjárþingreiðsla til takmarkaðra nota.

1. Samningsbundin lausafjárþingreiðsla frá seðlabanka til takmarkaðra nota, sem veitt er skv. d-lið 1. mgr. 12. gr., skal uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að teljast til 2. stigs (b) eigna:
- Á tímabili án álags skal fyrirgreiðslan háð gjaldi sem miðast við heildarfjárhæð fyrirgreiðslunnar, sem er að lágmarki það hærra af öðru eftirfarandi:
 - 75 grunnpunktar á ári; eða
 - að minnsta kosti 25 grunnpunktar á ári umfram mismun ávöxtunar á þeim eignum sem tryggja fyrirgreiðsluna og ávöxtunar á dæmigerðu safni lausafjäreigna, að teknu tilliti til marktæks munar á útlánaáhættu.
Á álagstímabili er seðlabankanum heimilt að lækka gjald samkvæmt a-lið að því tilskildu að lágmarksskilyrði fyrir lausafjárþingreiðslu samkvæmt 19. gr. séu uppfyllt.
 - Fyrirgreiðslan er tryggð með kvaðalausum eignum sem seðlabankinn samþykkir. Eignir sem lagðar eru fram til tryggingar skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
 - Unnt er að framselja eign tafarlaust til seðlabankans komi til þess að fyrirgreiðslan sé nýtt.
 - Virði tryggingar að teknu tilliti til frádrags sem ákveðið er af seðlabankanum er umfram heildarfjárhæð fyrirgreiðslu.
 - Tryggingar eru ekki flokkaðar sem lausar eignir lánastofnunarinnar.
 - Fyrirgreiðslan er í samræmi við stefnu viðkomandi seðlabanka um mótaðilaáhættu.
 - Skuldbindingartími fyrirgreiðslunnar er lengri en það 30 daga álagstímabil sem vísað er til í 3. og 4. gr.
 - Fyrirgreiðslan verður ekki afturkölluð af viðkomandi seðlabanka fyrir lok samningstíma og engin frekari lánsákvörðun er tekin svo lengi sem viðkomandi lánastofnun er metin gjaldfær.
 - Seðlabankinn hefur gefið út formlega stefnu þar sem fram kemur að hann muni veita samningsbundna fyrirgreiðslu til takmarkaðra nota og hvaða lánastofnanir geta sótt um slíka fyrirgreiðslu.

15. gr.

Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu.

1. Hlutdeildarskírteini og hlutir í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, skulu teljast sem hæfar lausafjäreignir af sama stigi og undirliggjandi eignir í viðkomandi sjóðum myndu flokkast samkvæmt 10.-13. gr. upp að 500 milljónum evra (eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í innlendum gjaldeyri), að uppfylltu eftirfarandi:

- a. Kröfur 5. mgr., sbr. einnig 4. mgr. 31. gr. reglugerðar nr. 233/2017, eru uppfylltar; og
 - b. sjóðurinn fjárfestir eingöngu í lausafjäreignum og afleiðum til áhættuvarna vegna vaxta-áhættu, gjaldmiðlaáhættu og útlánaáhættu.
2. Hlutdeildarskírteini og hlutir skulu að lágmarki sæta eftirfarandi frádragi:
- a. 0% vegna myntar, seðla og áhættuskuldbindinga gagnvart seðlabönkum, sbr. b-lið 1. mgr. 10. gr.
 - b. 5% vegna annarra 1. stigs eigna að undanskildum hágæða sértryggðum skuldabréfum,
 - c. 12% vegna hágæða sértryggðra skuldabréfa, sbr. f-lið 1. mgr. 10. gr.
 - d. 20% vegna 2. stigs (a) eigna.
 - e. 30% vegna 2. stigs (b) verðbréfavafninga sem tryggðir eru með eignum samkvæmt i-, ii- eða iv-lið g-liðar 2. mgr. 13. gr.
 - f. 35% vegna 2. stigs (b) sértryggðra skuldabréfa, sbr. e-lið 1. mgr. 12. gr.
 - g. 40% vegna 2. stigs (b) verðbréfavafninga sem tryggðir eru með eignum samkvæmt iii- eða v-lið g-liðar 2. mgr. 13. gr.
 - h. 55% vegna 2. stigs (b) fyrirtækjaskuldabréfa, sbr. b-lið 1. mgr. 12. gr., hlutabréf, sbr. c-lið 1. mgr. 12. gr. og vaxtalausar eignir, sbr. f-lið 1. mgr. 12. gr.
3. Frádrag samkvæmt 2. mgr. skal framkvæmt með eftirfarandi hætti:
- a. Hafi lánastofnun upplýsingar um undirliggjandi eignir sjóðanna er heimilt að horfa í gegnum þá og ákveða með þeim hætti frádrag skv. 2. mgr.
 - b. Hafi lánastofnun ekki upplýsingar um undirliggjandi eignir sjóðanna skal gera ráð fyrir því að sjóðirnir fjárfesti upp að leyfilegu hámarki samkvæmt fjárfestingastefnu þeirra í hækkandi röð með þeim hætti að fyrst er gert ráð fyrir eignum skv. g-lið 2. mgr., þar til að hámarks fjárfestingarheimild er náð. Sömu aðferð skal nota til að meta seljanleika undirliggjandi eigna þegar lánastofnunin hefur ekki upplýsingar um undirliggjandi eignir.
4. Lánastofnun skal hafa til staðar aðferðafræði og skjalfesta verkferla til að reikna út og gefa skýrslu um markaðsvirði og frádrag hlutdeildarskírteina og hluta í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Sé áhættuskuldbinding ekki nægilega stór til að lánastofnunin geti haft eigin aðferðafræði við mat á markaðsvirði er henni heimilt, að fengnu samþykki Seðlabankans, að styðjast við upplýsingar frá eftirfarandi aðilum:
- a. Vörsluaðila sjóðsins, enda fjárfesti sjóðurinn einungis í verðbréfum sem eru í vörslu viðkomandi vörslufyrirtækis; eða
 - b. rekstrarfélagi sjóðsins, í tilviki annarra sjóða, enda eru skilyrði 1. tölul. 5. mgr., sbr. einnig 4. mgr. 31. gr. reglugerðar nr. 233/2017, uppfyllt.
5. Uppfylli lánastofnun ekki þær kröfur sem gerðar eru í 4. mgr. í tengslum við hlutdeildarskírteini eða hluti er henni óheimilt að flokka þær eignir sem lausafjäreignir samkvæmt þessum reglum í samræmi við 18. gr.

16. gr.

Innlán og önnur fjármögnun í samvinnu- og stofnanaverndarkerfum.

1. Sé lánastofnun þátttakandi í stofnanaverndarkerfi, í samstarfsneti eða í samvinnukerfi í aðildarríki skulu óbundin innlán lánastofnunarinnar hjá miðlægu stofnuninni flokkast sem lausafjäreignir samkvæmt öðru hvoru eftirfarandi:
- a. Ef miðlægi stofnun er skylt, samkvæmt lögum eða annars konar bindandi tilhögun tengdri kerfum samkvæmt 1. mgr., að varsla eða fjárfesta innlánnum í lausafjäreignum af tilgreindu stigi eða flokki skal farið með innlánin sem lausafjäreignir af sama stigi eða flokki í samræmi við ákvæði þessara reglna.
 - b. Ef miðlægi stofnun er ekki skylt að varsla eða fjárfesta innlánnum í lausafjäreignum af tilgreindu stigi eða flokki skal fara með innlánin sem 2. stigs (b) eignir í samræmi við ákvæði þessara reglna og skal útistandandi fjárhæð þeirra sæta að minnsta kosti 25% frádragi.
2. Hafi lánastofnun samkvæmt lögum eða annarri bindandi tilhögun tengdri kerfum samkvæmt 1. mgr. aðgang að lausafjärmögnun, frá einhverju þeirra kerfa sem lýst er í 1. mgr., innan 30 daga skal fara með slíka fjármögnun sem 2. stigs (b) eign að því marki að hún er ekki tryggð af lausafjár-

eignum á tilteknu stigi eða flokki. Samningsbundinn höfuðstóll lausafjármögnunarinnar skal sæta að minnsta kosti 25% frádragi.

17. gr.

Samsetning lausafjárforða.

1. Lánastofnun skal á hverjum tíma uppfylla eftirfarandi skilyrði varðandi samsetningu lausafjäreigna:
 - a. Að lágmarki 60% lausafjäreigna skulu vera 1. stigs eignir.
 - b. Að lágmarki 30% lausafjäreigna skulu vera 1. stigs eignir aðrar en hágæða sértryggð skulda-bréf samkvæmt f-lið 1. mgr. 10. gr.
 - c. Að hámarki 15% lausafjäreigna mega vera 2. stigs (b) eignir.
2. Kröfur samkvæmt 1. mgr. skulu vera uppfylltar eftir að búið er að leiðrétta stofn lausafjäreigna fyrir áhrifum vegna tryggðrar fjármögnunar, tryggðra lánveitinga eða tryggðra skiptasamninga með lausafjäreignum sem falla í gjalddaga innan 30 daga, að teknu tilliti til viðeigandi frádrags og að því tilskildu að lánastofnunin uppfylli kröfur 8. gr.
3. Samsetning lausafjäreigna skal að öðru leyti vera í samræmi við I. viðauka þessara reglna.

18. gr.

Eign uppfyllir ekki skilyrði.

1. Ef eign uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir lausar eignir samkvæmt 7. gr., 2. mgr. 8. gr. eða önnur skilyrði samkvæmt þessum kafla skal lánastofnun hætta að flokka viðkomandi eign sem lausafjäreign eigi síðar en 30 dögum eftir að í ljós hefur komið að eignin uppfyllir ekki skilyrðin.
2. 1. mgr. gildir aðeins um hlutdeildarskírteini og hluti sem eru ekki umfram 10% af heildar-eignum sjóðsins.

19. gr.

Varaleiðir.

1. Sé framboð lausafjäreigna í tilteknum gjaldmiðli ekki nægilegt til að lánastofnun geti mætt lausafjäreignahlutfalli sbr. 3. og 4. gr. getur Seðlabankinn veitt heimild til fráviks í samræmi við a-c-liði:
 - a. Að kröfur um gjaldmiðlasamræmi samkvæmt 6. mgr. 8. gr. eigi ekki við gagnvart viðkomandi gjaldmiðli.
 - b. Að lánastofnun sé heimilt að tryggja sér lánafyrirgreiðslu í viðkomandi gjaldmiðli frá seðlabanka innan aðildarríkja eða utan þeirra, ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - i. Samningsskilmálar kveði á um að fyrirgreiðslan sé að lágmarki til 30 daga;
 - ii. greitt er gjald fyrir fyrirgreiðsluna, óháð því hvort eða hversu mikið dregið er á hana; og
 - iii. gjaldið er ákvarðað þannig að nettó ávöxtun eigna sem tryggja fyrirgreiðsluna má ekki vera hærri en nettó ávöxtun dæmigerðs safns lausafjäreigna, að teknu tilliti til munar á útlánaáhættu.
 - c. Að lánastofnun sé heimilt að nota 2. stigs (a) eignir til að uppfylla kröfur um lausafjäreignahlutfall þrátt fyrir ákvæði 17. gr. ef skortur er á 1. stigs eignum, en nægilegt magn af 2. stigs (a) eignum er tiltækt. Slíkar viðbótar 2. stigs (a) eignir skulu sæta að lágmarki 20% frádragi. Frávik samkvæmt þessu ákvæði hefur ekki áhrif á frádrag 2. stigs (b) eigna.
2. Lánastofnun skal beita frávikum samkvæmt 1. mgr. hlutfallslega í öfugri röð eftir aðgengileika viðkomandi lausafjäreigna. Meta skal hvort draga megi úr þörf á eignunum með góðri lausafjäreignsstýringu auk þess sem taka skal tillit til eignarhalds annarra markaðsaðila á þeim.

III. BÁLKUR Útflæði og innflæði lausafjár.

1. KAFLI

Nettó útflæði lausafjár.

20. gr.

Skilgreining á nettó útflæði lausafjár.

1. Nettó útflæði lausafjár skal vera samtala útflæðis lausafjár samkvæmt a-lið að frádreginni samtölu innflæðis lausafjár samkvæmt b-lið. Nettó útflæði skal þó ekki vera minna en 0 og skal reiknað á eftirfarandi hátt:
 - a. Samtala útflæðis lausafjár samkvæmt 2. kafla.
 - b. Samtala innflæðis lausafjár samkvæmt 3. kafla, reiknuð sem hér segir:
 - i. innflæði sem er undanþegið hámarki samkvæmt 2. og 3. mgr. 33. gr.;
 - ii. innflæði samkvæmt 4. mgr. 33. gr. eða 90% útflæðis samkvæmt a-lið að frádregnu innflæði sem undanþegið er hámarki samkvæmt 2. og 3. mgr. 33. gr., hvort sem er lægra, þó ekki minna en 0;
 - iii. annað innflæði en samkvæmt 2.-4. mgr. 33. gr. eða 75% útflæðis samkvæmt a-lið að frádregnu innflæði sem undanþegið er hámarki samkvæmt 2. og 3. mgr. 33. gr. og einnig að frádregnu innflæði samkvæmt 4. mgr. 33. gr. deilt með 0,9 til að leiðrétta fyrir áhrifum 90% hámarks, hvort sem er lægra, þó ekki minna en 0.
2. Innflæði og útflæði lausafjár skal metið yfir 30 daga álagstímabil, sbr. 5. gr.
3. Útreikningur samkvæmt 1. mgr. skal framkvæmdur í samræmi við II. viðauka reglna þessara.

21. gr.

Mat á áhrifum framlagðra trygginga í afleiðuviðskiptum.

1. Lánastofnun skal reikna vænt útflæði og innflæði lausafjár á 30 daga tímabili vegna samninga sem vísað er til í 2. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 233/2017. Ef til staðar eru tvíhliða jöfnunarsamningar skal færa nettó stöðu eftir mótaðila. Í skilningi þessarar greinar merkir „nettó staða“ að tekið sé tillit til samtölu veða sem verða afhent enda teljist þau til lausafjäreigna samkvæmt 2. kafla þessara reglna. Útflæði og innflæði reiðufjár vegna gjaldeyrisafleiðuviðskipta sem fela í sér skipti á höfuðstól samtímis (eða innan dags) skal reikna sem nettó stærð, jafnvel þegar þau viðskipti falla ekki undir tvíhliða jöfnunarsamning.

2. KAFLI

Útflæði lausafjár.

22. gr.

Skilgreining á útflæði lausafjár.

1. Útflæði lausafjár skal reiknað með því að gefa útistandandi skuldum og skuldbindingum utan efnahagsreiknings vægi sem endurspeglar hlutfall væntrar lækkunar eða ádráttar samkvæmt þessum kafla.
2. Útflæði lausafjár samkvæmt 1. mgr. nær til eftirfarandi þátta, margfölduðum í hverju tilfelli með viðeigandi vægi:
 - a. Fjárhæð útistandandi stöðugra smásöluinnlána og annarra smásöluinnlána skv. 24.-26. gr.
 - b. Fjárhæð útistandandi annarra skuldbindinga sem falla í gjalddaga, eru innkallanlegar af útgefanda eða fjármögnunaraðila eða fela í sér væntingar fjármögnunaraðila um að lánastofnunin muni endurgreiða skuldina innan næstu 30 daga samkvæmt 27. og 28. gr.
 - c. Viðbótarútflæði samkvæmt 30. gr.
 - d. Hámarksfjárhæð sem má draga á óádreigna samningsbundna lána- og lausafjárþyringreiðslu næstu 30 daga samkvæmt 31. gr.
 - e. Viðbótarútflæði samkvæmt 23. gr.

23. gr.

Viðbótarútlæði lausafjár vegna annarra fjármálaafurða og þjónustu.

1. Lánastofnun skal reglulega meta líkur á útlæði lausafjár og mögulega fjárhæð þess næstu 30 daga vegna annarra fjármálaafurða og þjónustu en þeirrar sem fellur undir 27.-31. gr. og þær bjóða upp á eða bera ábyrgð á. Lausafjárútlæði samkvæmt 1. málslíð skal meðal annars ná til:
 - a. annarra skuldbindinga og skilyrtrar fjármögnunar utan efnahagsreiknings, þar á meðal ótryggðrar fyrirgreiðslu;
 - b. óáðreginna heildsölulána og fyrirframgreiðslna;
 - c. umsaminna en óáðreginna fasteignalána;
 - d. kreditkorta;
 - e. yfirdráttar;
 - f. áætlaðs útlæðis í tengslum við endurnýjun eða lengingu nýrra smásölu- eða heildsölulána;
 - g. áætlaðra skulda vegna afleiðusamninga;
 - h. fjármálaafurða í tengslum við viðskiptafjármögnun utan efnahagsreiknings, svo sem ábyrgða.
2. Við útreikning á útlæði samkvæmt 1. mgr. skal leggja til grundvallar sviðsmyndir sem fela í sér sérstaka álagsatburði svo og álag á markaðinn í heild sinni, sbr. 5. gr. Við mat samkvæmt 1. málslíð skal taka sérstakt tillit til þeirrar orðsporsáhættu sem gæti orðið ef lausafjárstuðningur er ekki veittur vegna slíkrar vöru eða þjónustu. Lánastofnun skal að lágmarki árlega tilkynna Seðlabankanum um þá fjármálaafurð og þjónustu þar sem líkur á útlæði og möguleg fjárhæð útlæðis lausafjár samkvæmt 1. mgr. er veruleg. Seðlabankinn skal ákveða viðeigandi vægi. Seðlabankinn getur ákveðið að vægi fjármálaafurðar samkvæmt h-lið 1. mgr. geti verið allt að 5%.
3. Seðlabankinn mun tilkynna Evrópska bankaeftirlitinu að minnsta kosti árlega um þær tegundir fjármálaafurða og þjónustu þar sem hann hefur metið útlæði á grundvelli skýrslna frá lánastofnunum ásamt skýringu á þeirri aðferðafræði sem beitt var til að meta útlæðið.

24. gr.

Útlæði stöðugra smásöluinnlána.

1. Fjárhæð smásöluinnlána sem er tryggð samkvæmt innstæðutryggingakerfi aðildarríkis eða sambærilegu kerfi utan aðildarríkja telst stöðug nema skilyrði hærra vægis samkvæmt 2., 3., eða 5. mgr. 25. gr. séu uppfyllt. Stöðug innlán skulu fá 5% vægi ef annað tveggja er uppfyllt:
 - a. Innlánin eru hluti af föstu viðskiptasambandi sem gerir úttekt afar ólíklega.
 - b. Innlánin eru á óbundnum innlánsreikningi.
2. Smásöluinnlán samkvæmt a-lið 1. mgr. telst hluti af föstu viðskiptasambandi ef innstæðueigandi uppfyllir að minnsta kosti eitt eftirfarandi skilyrði:
 - a. Innstæðueigandi er í virku sammingsbundnu viðskiptasambandi við lánastofnunina sem hefur varað í að minnsta kosti 12 mánuði.
 - b. Innstæðueigandi er í lánsviðskiptum við lánastofnunina vegna fasteignaláns til eigin nota eða annarra langtímalána.
 - c. Innstæðueigandi er með að minnsta kosti eina virka fjármálaafurð aðra en lán hjá lánastofnuninni.
3. Smásöluinnlán samkvæmt b-lið 1. mgr. telst innstæða á óbundnum innlánsreikningi ef laun, tekjur eða annars konar greiðslur eru reglulega greiddar inn á og teknar út af viðkomandi reikningi.
4. Seðlabankinn getur heimilað lánastofnun að nota 3% vægi á stöðug innlán sem falla undir innstæðutryggingakerfi ríkja utan aðildarríkja sambærileg þeim og vísað er til í 1. mgr. ef viðkomandi ríki heimilar slíkt.

25. gr.

Útlæði annarra smásöluinnlána.

1. Smásöluinnlán, önnur en þau sem falla undir 24. gr., fá 10% vægi, nema skilyrði 2. mgr. eigi við.
2. Smásöluinnlán skulu fá vægi samkvæmt 3. mgr. þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a. Heildarstaða innlána, á öllum innlánsreikningum viðskiptavinar hjá lánastofnun eða samstaðu hennar, er hærri en 500.000 evrur (eða jafngildi þeirrar fjárhæðar í innlendum gjald-eyri).
 - b. Innlánsreikningur er eingöngu netreikningur.
 - c. Vextir innlánsreiknings uppfylla eitthvert eftirfarandi skilyrða:
 - i. Vextirnir eru verulega hærri en meðalvextir á sambærilegum innlánsreikningum.
 - ii. Ávöxtun miðast við ávöxtun á markaðsvísitölu eða vísitöluörfu.
 - iii. Ávöxtun tekur mið af breytilegum þáttum öðrum en breytilegum vöxtum.
 - d. Binditími innláns rennur út innan 30 daga eða uppsagnarákvæði þess er styttra en 30 dagar, að undanskildum þeim innlánnum sem falla undir 4. mgr.
 - e. Innstæðueigandi er búsettur í ríki utan aðildarríkja eða innstæðan er í gjaldmiðli ríkis utan aðildarríkja, þegar lánastofnun er með staðfestu í aðildarríki. Í tilviki lánastofnana eða útibúa í ríki utan aðildarríkja ef innstæðueigandi er ekki búsettur í því ríki eða innstæða er í öðrum gjaldmiðli en innlendum gjaldmiðli þess ríkis.
3. Hærra vægi skal beitt í eftirfarandi tilfellum:
- a. Smásöluinnlán sem uppfylla skilyrði a-liðar eða tvö skilyrði b-e-liða 2. mgr. skulu fá 10-15% vægi.
 - b. Smásöluinnlán sem uppfylla skilyrði a-liðar og eitt annað skilyrði 2. mgr. eða að minnsta kosti þrjú skilyrði 2. mgr. skulu fá 15-20% vægi.
- Seðlabankinn getur ákveðið hærra vægi ef staða lánastofnunar gefur tilefni til þess. Þar til að mati samkvæmt 2. mgr. er lokið skal lánastofnun nota vægi samkvæmt b-lið 3. mgr.
4. Lánastofnun er heimilt að undanskilja skýrt skilgreinda flokka smásöluinnlána frá útreikningi útlæðis að því tilskildu að annað eftirfarandi eigi við um flokkinn í heild sinni, nema sérstakir erfiðleikar hjá innstæðueiganda gefi tilefni til annars:
- a. innstæðueiganda er óheimilt að taka út innlán innan 30 daga; eða
 - b. sé úttekt heimiluð innan 30 daga eru innstæðueiganda ekki greiddir vextir frá úttektardegi til lokagjalds daga auk þess sem krefja skal innstæðueiganda um greiðslu verulegs gjalds sem þarf þó ekki að nema meiru en áföllnum vöxtum frá innlagnardegi til úttektardags.
- Ef taka má út hluta innláns samkvæmt b-lið 4. mgr. án þess að gjalds sé krafist skal sá hluti teljast óbundið innlán og fá viðeigandi útlæðisvægi. Innlán, sem sagt er upp og er laust innan 30 daga og þar sem útgreiðsla til annarrar lánastofnunar hefur verið samþykkt, skal fá 100% vægi.
5. Þrátt fyrir 1.-4. mgr. og 24. gr. skulu smásöluinnlán í ríkjum utan aðildarríkja fá hærra vægi ef slíkt vægi gildir samkvæmt lögum og lausafjárreglum viðkomandi ríkis.

26. gr.

Útlæði með víxltengdu innflæði.

1. Að fengnu samþykki Seðlabankans má lánastofnun reikna lausafjárútlæði að frádregnu víxltengdu (e. *interdependent*) innflæði ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - a. Víxltengt innflæði er beintengt útlæði og er ekki hluti innflæðis samkvæmt 3. kafla.
 - b. Víxltengt innflæði byggir á lögum, reglum eða sammingsákvæðum.
 - c. Víxltengt innflæði uppfyllir annað eftirfarandi skilyrða:
 - i. Innflæði verður á undan útlæði; eða
 - ii. innflæði er mótttekið innan 10 daga og er tryggt af ríkissjóði aðildarríkis.

27. gr.

Útlæði rekstrarinnlána.

1. Eftirfarandi innstæður skulu fá 25% vægi:
 - a. Innstæður sem ætlað er að tryggja aðgang að greiðsluöfnum, vörslu, fjárstýringu eða annarri sambærilegri þjónustu í tengslum við fast rekstrarsamband við lánastofnun.
 - b. Innstæður sem eru í tengslum við sameiginlega skiptingu verkefna innan stofnanaverndarkerfis eða innan hóps samvinnulánastofnana með varanleg tengsl við miðlæga stofnun, eða innstæður í tengslum við lögbundin eða sammingsbundin innlán annarrar lánastofnunar

innan sama samvinnu- eða stofnanaverndarkerfis, að því tilskildu að mótaðili færi þau ekki sem lausafjareign samkvæmt 3. mgr. og 16. gr.

- c. Innstæður í tengslum við annað fast rekstrarsamband við lánastofnun en getið er um í a-lið.
 - d. Innstæður sem ætlað er að tryggja aðgang að greiðsluþjónustu og þjónustu miðlægrar stofnunar þegar lánastofnun er þátttakandi í einhverju kerfa samkvæmt 16. gr.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal sá hluti innstæðna samkvæmt a-lið 1. mgr. sem tryggðar eru af innstæðu-tryggingakerfi aðildarríkis eða sambærilegu kerfi utan aðildarríkja fá 5% vægi.
 3. Innlán lánastofnunar hjá miðlægrri stofnun sem teljast til lausafjareigna hjá lánastofnun sem leggur þau inn samkvæmt 16. gr. skal fá 100% vægi hjá miðlægrri stofnun að teknu tilliti til frádrags. Ekki skal taka tillit til þessara eigna við útreikning á lausafjárforða miðlægrar stofnunar að öðru leyti en kveðið er á um í 1. másl. þar á meðal vegna útreikninga á samsetningu eftirstandandi lausafjárforða miðlægrar stofnunar samkvæmt 17. gr.
 4. Greiðsluþjónun, varsla, fjárstýring eða önnur sambærileg þjónusta sem vísað er til í a- og d-liðum 1. mgr. tekur einungis til þjónustu sem er veitt í tengslum við fast rekstrarsamband sem er innstæðueiganda nauðsynlegt. Innlán samkvæmt a-, c- og d-liðum 1. mgr. skulu sæta verulegum takmörkunum, hvort sem er lagalegum, samningsbundnum eða öðrum takmörkunum sem gera úttektir hárra fjárhæða innan 30 daga ólíklegar. Einungis skal fara með þann hluta innláns sem er nauðsynlegur vegna þjónustu sem rekstrarinnlán.
 5. Innlán vegna millibankaviðskipta (e. *correspondent banking*) eða veitingar aðalmiðlunarþjónustu (e. *prime brokerage*) skal ekki fara með sem rekstrarinnlán og skal fá 100% vægi.
 6. Innlán samkvæmt c-lið 1. mgr., að undanskildum bundnum innlánnum, innstæðum á sparireikningum og miðluðum innlánnum, skulu uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að fast rekstrarsamband teljist vera til staðar við viðskiptavin sem er ekki viðskiptavinur á fjármálamarkaði:
 - a. Vextir á reikningi séu að minnsta kosti 5 grunnpunktum lægri en almennir vextir á sambærilegum heildsöluinnlánnum, en þurfi ekki að vera neikvæðir.
 - b. Innlán sé á sérgreindum reikningi og kjör hans séu með þeim hætti að ekki sé fjárhagslegur hvati til þess að innstæða á honum hverju sinni sé hærri en þörf er á vegna rekstrarsambandsins.
 - c. Verulegar fjárhæðir séu reglulega lagðar inn á og teknar út af viðkomandi reikningi.
 - d. Að minnsta kosti annað eftirfarandi skilyrði sé uppfyllt:
 - i. Viðskiptasamband hafi varað í að minnsta kosti 24 mánuði; eða
 - ii. innlán sé notað vegna að minnsta kosti tvenns konar þjónustu. Slík þjónusta má vera m.a. beinn eða óbeinn aðgangur að innanlands- eða millilandagreiðsluþjónustu, verðbréfavíðskiptum eða vörsluþjónustu.
- Einungis sá hluti innláns sem er nauðsynlegur vegna þjónustunnar telst rekstrarinnlán.

28. gr.

Útflæði vegna annarra skuldbindinga.

1. Innlán annarra en viðskiptavina á fjármálamarkaði, ríkissjóða, seðlabanka, fjölþjóða þróunarbanka, opinberra fyrirtækja, lánafélaga með heimild frá lögbærum yfirvöldum, persónulegra fjárfestingarfélagaga eða innlánsmiðlara, sem ekki falla undir 27. gr., skulu fá 40% vægi að undanskildum þeim innlánnum sem tryggð eru af innstæðuþryggingakerfum aðildarríkja eða sambærilegum kerfum utan aðildarríkja sem fá 20% vægi.
2. Skuldbindingar vegna eigin rekstrarkostnaðar lánastofnunar skulu fá 0% vægi.
3. Skuldbindingar vegna tryggðra lánveitinga og markaðsviðskipta sem falla í gjalddaga innan 30 daga skulu fá eftirfarandi vægi:
 - a. 0%, ef þær eru tryggðar með eignum sem flokka mætti sem 1. stigs eignir samkvæmt 10. gr., að undanskildum hágæða sértryggðum skuldabréfum, sbr. f-lið 1. mgr. 10. gr., eða ef lánveitandi er seðlabanki.
 - b. 7%, ef þær eru tryggðar með eignum sem flokka mætti sem hágæða sértryggð skuldabréf, sbr. f-lið 1. mgr. 10. gr.
 - c. 15%, ef þær eru tryggðar með eignum sem mætti flokka sem 2. stigs (a) eignir samkvæmt 11. gr.

- d. 25%:
- i. ef þær eru tryggðar með eignum samkvæmt i- eða iii-lið g-liðar 2. mgr. 13. gr.;
 - ii. ef þær eru tryggðar með eignum sem ekki falla í flokk lausafjäreigna skv. 10. og 11. gr. og lánveitandi er ríkissjóður, opinbert fyrirtæki í aðildarríki eða ríki utan aðildarríkja þar sem lánastofnun hefur fengið starfsleyfi eða starfrækir útibú eða fjölþjóða þróunarbanki. Opinber fyrirtæki samkvæmt 1. málslíð skulu hafa 20% áhættuvog eða lægri samkvæmt 4. og 5. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 233/2017.
- e. 35%, ef þær eru tryggðar með eignum samkvæmt ii- eða iv-lið g-liðar 2. mgr. 13. gr.
- f. 50% ef þær eru tryggðar með:
- i. fyrirtækjaskuldabréfum sem mætti flokka sem 2. stigs (b) eignir samkvæmt b-lið 1. mgr. 12. gr.;
 - ii. hlutabréfum sem mætti flokka sem 2. stigs (b) eignir skv. c-lið 1. mgr. 12. gr.
- g. 100%, ef þær eru tryggðar með eignum sem mætti ekki flokka sem lausafjäreignir samkvæmt II. bálki, að undanskildum eignum sem falla undir ii-lið d-liðar þessarar málsgreinar eða ef lánveitandi er seðlabanki.
4. Vægi nettó útlæðis veðtryggðra skiptasamninga að teknu tilliti til frádrags undirliggjandi veða, sem falla í gjalddaga innan næstu 30 daga, skal vera 100%. Sé mótaðili seðlabanki skal vægið vera 0%.
5. Innlán á aðskildum reikningum í tengslum við lögbundna fjárfestavernd skal fara með sem innflæði samkvæmt 32. gr. og ekki telja til lausafjäreigna.
6. Skuldabréf og önnur útgefin fjármögnun lánastofnunar fá 100% vægi, nema gerningarnir lúti takmörkunum sem koma í veg fyrir að aðrir en smásöluviðskiptavinir geti keypt og átt þá. Í því tilviki er heimilt að flokka gerningana eins og smásöluinnlán.

29. gr.

Útlæði innan samstæðu eða stofnanaverndarkerfis.

1. Þrátt fyrir 31. gr. getur Seðlabankinn heimilað lægra vægi vegna óáðreginnar lána- eða lausafjárþyrirgreiðslu þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
- a. Ástæða er til að ætla að útlæði verði lægra, jafnvel undir álagi bæði á markaðnum í heild og hjá lánveitanda.
 - b. Mótaðili er móðurfélag eða dótturfélag lánastofnunar eða annað dótturfélag sama móðurfélags eða tengt lánastofnuninni með samkomulagi eða yfirráðum þannig að þeim er skylt að gera samstæðureikning eða þátttakandi í sama stofnanaverndarkerfi eða miðlæg stofnun eða þátttakandi í samvinnuneti eða samvinnukerfi.
 - c. Vægið er ekki lægra en vægi innflæðis hjá mótaðila.
 - d. Lánastofnun og mótaðili eru bæði með staðfestu í sama aðildarríki.
2. Seðlabankinn getur veitt undanþágu frá d-lið 1. mgr., ef að minnsta kosti eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
- a. Lausafjárveitandi og móttakandi eru með lágt lausafjárahættusnið; eða
 - b. til staðar eru lagalega bindandi samningar og skuldbindingar milli aðila innan samstæðunnar í tengslum við óáðregnu láns- eða lausafjárþyrirgreiðsluna; eða
 - c. tekið er viðeigandi tillit til lausafjárahættusniðs móttakanda í lausafjárahættustýringu lausafjárveitanda.

Seðlabankinn tilkynnir Evrópska bankaeftirlitinu ef lægra vægi útlæðis skv. 1. málslíð er heimilað. Seðlabankinn endurskoðar heimild samkvæmt 1. málslíð reglulega.

30. gr.

Annað útlæði.

1. Önnur veð en reiðufé og eignir samkvæmt 10. gr. sem lögð eru fram af lánastofnun vegna skuldaafleiðna og samninga samkvæmt 2. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 233/2017 skulu fá 20% vægi. Veð í eign samkvæmt f-lið 1. mgr. 10. gr. sem lagt er fram af lánastofnun vegna samninga samkvæmt 2. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 233/2017 og skuldaafleiðna skulu fá 10% vægi.

2. Lánastofnun skal reikna út og tilkynna Seðlabankanum um útlæði vegna allra samninga með ákvæði sem leiða til viðbótarútlæðis lausafjár eða aukinnar tryggingarþarfar innan 30 daga í kjölfar verulegrar rýrnunar á útlánagæðum lánastofnunarinnar. Lánastofnun skal tilkynna Seðlabankanum um slíkt útlæði eigi síðar en við skýrsluskil samkvæmt 35. gr. Telji Seðlabankinn að útlæðið sé verulegt miðað við annað mögulegt lausafjárútlæði lánastofnunarinnar skal hann krefjast þess að lánastofnunin bæti við útlæði vegna samninganna í samræmi við aukna tryggingarþörf eða útlæði reiðufjár sem leiðir af verulegri rýrnun útlánagæða stofnunarinnar eða sem samsvarar þriggja þrepa lækkun lánsþæfismats. Vægi vegna aukinna trygginga eða útlæðis reiðufjár skal vera 100%. Lánastofnun skal endurskoða matið reglulega að teknu tilliti til aðstæðna og tilkynna Seðlabankanum um niðurstöður endurskoðunarinnar.
3. Lánastofnun skal bæta við útlæði sem samsvarar tryggingarþörf sem gæti orðið vegna áhrifa neikvæðrar markaðssviðsmyndar á samninga lánastofnunar svo sem afleiðusamninga, fjármögnunarsamninga og aðra samninga, ef þau eru veruleg.
4. Lánastofnun skal taka tillit til nettó út- og innflæðis samkvæmt 21. gr. sem væntanlegt er næstu 30 daga vegna samninga samkvæmt 2. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 233/2017. Nettó útlæði skal fá 100% vægi. Undanskildar slíkum útreikningum eru lausafjárkröfur sem leiðir af 1., 2. og 3. mgr.
5. Lánastofnun skal bæta við útlæði sem samsvarar markaðsvirði skortseldra verðbréfa eða annarra eigna sem skulu afhentar innan 30 daga. Þetta á ekki við ef verðbréfin eru í eigu lánastofnunarinnar eða hún hefur þau að láni a.m.k. næstu 30 daga og þau eru ekki hluti af lausafjäreignum lánastofnunarinnar. Ef skortstaða er tryggð með verðbréfavíðskiptum með veði skal gera ráð fyrir því að stöðu verði haldið næstu 30 daga og að vægi hennar sé 0%.
6. Lánastofnun skal bæta við útlæði sem samsvarar eftirfarandi:
 - a. umframtryggingu í vörslu lánastofnunarinnar sem er innkallanleg af mótaðila á hverjum tíma;
 - b. tryggingu sem afhenda á mótaðila innan 30 daga;
 - c. tryggingu sem samsvarar eignum sem flokka má sem lausafjäreignir í skilningi II. bálks sem skipta má út án samþykkis lánastofnunarinnar fyrir eignir sem eru ekki lausafjäreignir í skilningi II. bálks.
7. Innlán fengin sem trygging skulu ekki teljast skuldbindingar í skilningi 27. eða 29. gr. en skulu lúta ákvæðum 1.-6. mgr. þessarar greinar þar sem við á.
8. Eignavarin verðbréf, sértryggð skuldabréf og aðrir verðbréfaðir fjármögnunargerningar sem falla í gjalddaga innan 30 daga skulu fá 100% vægi þegar slíkir gerningar eru gefnir út af lánastofnuninni, miðlunarsjóðum (e. *conduits*) eða sérstökum verðbréfunaraðila fjármögnuðum af lánastofnuninni.
9. Eignavarin viðskiptabréf, miðlunarsjóðir, verðbréfavafningar og aðrar slíkar fjármögnunarleiðir á gjalddaga næstu 30 daga skulu fá 100% vægi. Sama á við um eignir sem mögulega gæti verið skilað eða lausafjárþörf vegna þeirra.
10. Ekki er skylt að tvítelja fjármögnunargerning á gjalddaga samkvæmt 8. og 9. mgr. og tengda lausafjáfyrirgreiðslu þegar lausafjáfyrirgreiðsla er veitt af lánastofnun.
11. Lánastofnun skal bæta við útlæði sem samsvarar eignum sem fengnar eru að láni án tryggingar og falla í gjalddaga innan 30 daga nema lánastofnunin eigi verðbréfin og þau séu ekki hluti af lausafjárforða hennar.
12. Skilyrt skuldbinding lánastofnunar vegna fjármögnunar á eignum eins viðskiptavinar með skortsölu annars viðskiptavinar, skal fá 50% vægi.

31. gr.

Útlæði vegna lána- og lausafjáfyrirgreiðslu.

1. Lausafjáfyrirgreiðsla samkvæmt þessu ákvæði merkir hvers konar samningsbundna óáðregna fjármögnunarlínu sem nota má til að endurfjármagna skuldir viðskiptavinar þegar hann getur ekki endurfjármagnað sig á fjármálamarkaði. Fjárhæðin skal samsvara útistandandi skuldum viðskiptavinar sem gjaldfalla innan 30 daga og fyrirgreiðslunni er ætlað að standa að baki. Fjárhæð fyrirgreiðslu sem er umfram það sem getið er í 2. másl. skal fara með sem samningsbundna lána-

fyrirgreiðslu, með vægi samkvæmt þessari grein. Almenna fyrirgreiðslu vegna rekstrarfjár fyrirtækja skal flokka sem lánaforfyrirgreiðslu en ekki sem lausafjárforfyrirgreiðslu.

2. Vægi útlæðis samningsbundinnar lána- og lausafjárforfyrirgreiðslu samkvæmt 3.-5. mgr. skal vera hlutfall af þeirri hámarksfjárhæð sem draga má á fyrirgreiðsluna innan 30 daga. Heimilt er að draga frá lausafjárkröfu eftir því sem við á samkvæmt 23. gr. vegna viðskiptafjármögnunar utan efnahagsreiknings og að frádreginni tryggingu sem kann að vera lögð fram hjá lánastofnuninni og metin samkvæmt 9. gr., enda uppfylli tryggingin öll eftirfarandi skilyrði:

- a. Lánastofnun má endurnýta eða veðsetja trygginguna;
- b. tryggingin er lausafjáreign sem er ekki hluti af lausafjárforða; og
- c. tryggingin samanstendur ekki af eignum útgefnum af mótaðila fyrirgreiðslunnar eða aðila sem er honum tengdur.

Ef lánastofnun hefur aðgang að nauðsynlegum upplýsingum skal miða við að hámarksfjárhæð sem draga má á lána- og lausafjárforfyrirgreiðslu samsvari þeirri hámarksfjárhæð sem draga má á með tilliti til skuldbindinga mótaðila eða fyrirfram skilgreindrar samningsbundinnar ádráttaráætlunar næstu 30 daga.

3. Óádremin samningsbundin lána- og lausafjárforfyrirgreiðsla innan næstu 30 daga fær 5% vægi ef fyrirgreiðsluna má flokka eins og smásöluinnlán.

4. Óádremin samningsbundin lánaforfyrirgreiðsla innan næstu 30 daga fær 10% vægi þegar fyrirgreiðslan uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- a. Fyrirgreiðslan getur ekki flokkast sem smásöluinnlán.
- b. Fyrirgreiðslan hefur verið veitt viðskiptavinum sem eru ekki á fjármálamarkaði, þ.m.t. fyrirtækjum sem eru ekki á fjármálamarkaði, ríkissjóðum, seðlabönkum, fjölpjóða þróunarbönkum og opinberum fyrirtækjum.
- c. Fyrirgreiðslan hefur ekki verið veitt til að koma í stað fjármögnunar viðskiptavinar þegar hann getur ekki aflað nauðsynlegrar fjármögnunar á fjármálamarkaði.

5. Samningsbundin lausafjárforfyrirgreiðsla sem draga má á næstu 30 daga fær 30% vægi þegar fyrirgreiðslan uppfyllir skilyrði a- og b-liða 4. mgr., og 40% vægi þegar hún er veitt persónulegum fjárfestingarfélögum.

6. Óádremin samningsbundin lausafjárforfyrirgreiðsla sem veitt hefur verið sérstökum verðbréfunaraðila til kaupa á öðrum eignum en verðbréfum af viðskiptavinum sem eru ekki á fjármálamarkaði, fær 10% vægi, að því marki sem hún er umfram fjárhæð eigna sem þegar eru keyptar af viðskiptavinum og hámarksádráttur takmarkast samkvæmt samningsákvæðum af fjárhæð eigna sem þegar eru keyptar.

7. Höfuðstóll lausafjárforfyrirgreiðslunnar sem miðlæg stofnun í stofnanaverndarkerfi, samvinnukerfi eða samstarfsneti skv. 16. gr. er samningsbundin til að veita þátttökustofnun skal fá 75% vægi hjá miðlægu stofnuninni að því gefnu að þátttökustofnunin megi fara með fjármögnunina sem lausafjáreign samkvæmt 2. mgr. 16. gr.

8. Önnur samningsbundin lausafjárforfyrirgreiðsla sem draga má á innan 30 daga fær eftirfarandi vægi:

- a. 40% vegna lána- og lausafjárforfyrirgreiðslu sem veitt er lánastofnunum og vegna lánaforfyrirgreiðslu sem veitt er öðrum eftirlitsskyldum aðilum á fjármálamarkaði, þ.m.t. váttryggingafélögum, verðbréfafyrirtækjum, sjóðum um sameiginlega fjárfestingu eða lokuðum fjárfestingarsjóðum.
- b. 100% vegna lausafjárforfyrirgreiðslu sem lánastofnun hefur veitt sérstökum verðbréfunaraðila öðrum en vísað er til í 6. mgr. og vegna fyrirkomulags þar sem lánastofnuninni er skylt að kaupa eða skipta á eignum frá sérstökum verðbréfunaraðila.
- c. 100% vegna lána- og lausafjárforfyrirgreiðslu sem veitt er viðskiptavinum á fjármálamarkaði sem ekki er vísað til í a- og b-liðum 1.-7. mgr.

9. Lánastofnun sem er stofnuð og styrkt af aðildarríki eða héraðsstjórnnum að minnsta kosti eins aðildarríkis má, þrátt fyrir 1.-8. mgr., fara með lána- og lausafjárforfyrirgreiðslu samkvæmt 3. og 4. mgr. ef um er að ræða fyrirgreiðslu til stuðningslánveitanda til beinnar eða óbeinnar fjármögnunar á stuðningslánnum.

Þrátt fyrir g-lið 3. mgr. 32. gr., er lánastofnun heimilt að beita samsvarandi vægi inn- og útflæðis þegar stuðningslán eru veitt með milligöngu lánastofnunar (e. *pass through loans*).

Stuðningslán samkvæmt þessari málsgrein skulu aðeins vera aðgengileg aðilum sem eru ekki á fjármáلامarkaði. Einungis er heimilt að draga á fyrirgreiðslu sem svarar til fjárhæðar rökstuddrar væntrar eftirspurnar lána enda verði skýrslum skilað sem lýsa notkun ádregins fjármagns.

10. Lausafjárútlæði sem leiðir af skuldbindingum sem falla í gjalddaga innan 30 daga, öðrum en þeim sem vísað er til í 23.-31. gr., fær 100% vægi.

3. KAFLI

Innflæði lausafjár.

32. gr.

Innflæði.

1. Innflæði skal meta yfir 30 daga tímabil. Það skal samanstanda af samningsbundnu innflæði vegna áhættuskuldbindinga sem eru ekki fallnar í gjalddaga og gefa ekki tilefni til að vænta vanskila innan 30 daga.
2. Innflæði lausafjár skal fá 100% vægi, sér í lagi eftirfarandi:
 - a. Fjármunir á gjalddaga frá seðlabönkum og viðskiptavinum á fjármáلامarkaði, m.a. eftirfarandi viðskipti með tilliti til hinna síðarnefndu:
 - i. Verðbréf sem falla í gjalddaga innan 30 daga; og
 - ii. viðskiptafjármögnun (e. *trade finance transactions*) með skemmri eftirstöðvatíma en 30 daga.
 - b. Vætanlegir fjármunir vegna stöðu í hlutabréfavísitölum sem eru viðurkenndar af eftirlitsaðilum sem lausafjäreignir, enda sé ekki um tvítalningu lausafjäreigna að ræða. Fjármunirnir skulu samkvæmt samningsákvæðum vera afhentir innan 30 daga. Hér er m.a. átt við arðgreiðslur í reiðufé og reiðufé frá slíkum hlutabréfum sem eru seld en óuppperð, ef þau eru ekki færð sem lausafjäreignir samkvæmt II. bálki.
3. Þrátt fyrir 2. mgr. skal innflæði samkvæmt þessari málsgrein sæta eftirfarandi skilyrðum:
 - a. Vætanlegir fjármunir frá viðskiptavinum sem ekki eru á fjármáلامarkaði skulu sæta 50% frádragi af andvirði höfuðstólsgreiðslu eða sem nemur fjárhæð samningsbundinna skuldbindinga gagnvart viðskiptavinum um fjármögnun, hvort sem hærra er. Í skilningi þessa liðar skulu fyrirtæki, ríkissjóðir, fjölþjóða þróunarbankar og opinber fyrirtæki teljast til viðskiptavina sem ekki eru á fjármáلامarkaði. Þrátt fyrir skilyrði þessa liðar má lánastofnun sem hefur fengið fyrirgreiðslu samkvæmt 9. mgr. 31. gr. til þess að greiða út stuðningslán eða fengið svipaða fyrirgreiðslu frá fjölþjóða þróunarbanka eða opinberu fyrirtæki, taka tillit til innflæðis upp að fjárhæð þess útflæðis sem þær draga á fyrirgreiðsluna til þess að veita stuðningslán.
 - b. Vætanlegir fjármunir vegna tryggðra lánveitinga og markaðsviðskipta sem tryggðir eru af lausafjäreignum, fá ekki vægi sem samsvarar virði lausafjäreignanna að teknu tilliti til frádrags samkvæmt II. bálki. Vætanlegir fjármunir sem eru umfram það eða fjármunir sem tryggðir eru af eignum sem flokkast ekki sem lausafjäreignir samkvæmt II. bálki fá fullt vægi. Ekkert vægi er á innflæði ef tryggingin er notuð til að þekja skortstöðu samkvæmt 5. mgr. 30. gr.
 - c. Gera má ráð fyrir 50% vægi samningsbundinna verðbréfaveðlana á gjalddaga (e. *contractual maturing margin loans*) sem tekin eru á móti öðrum eignum en lausafjäreignum að því gefnu að lánastofnunin noti ekki trygginguna sem hún fékk upphaflega á móti lánunum til að þekja skortstöður.
 - d. Beita skal sambærilegu vægi á innflæði frá lánastofnun og vægi útflæðis er hjá mótaðila samkvæmt 27. gr., fyrir utan innlán hjá miðlægri stofnun samkvæmt 3. mgr. 27. gr. Þegar ekki er hægt að staðfesta samsvarandi hlutfall skal vægið vera 5%.
 - e. Veðskiptasamningar sem falla í gjalddaga innan 30 daga skulu leiða til innflæðis sem samsvarar lausafjäreignir lánaðra eigna umfram lausafjäreignir eigna sem teknar eru að láni.
 - f. Ef trygging sem er fengin vegna öfugra endurhverfra viðskipta, verðbréfalana eða tryggðra skiptasamninga sem falla í gjalddaga innan 30 daga er veðsett aftur og notuð til að þekja

- skortstöður sem lengja má fram yfir 30 daga skal lánastofnunin gera ráð fyrir því að slík öfug endurhverf viðskipti eða verðbréfalán verði framlengd og leiði því ekki til innflæðis reiðufjár. Skortstöður ná til tilvika þar sem lánastofnun skortselur verðbréf á paraðri bók, beint vegna viðskipta- eða áhættuvarnarstefnu, og til tilvika þar sem lánastofnunina vantar verðbréf í paraða bók endurhverfra viðskipta og hefur fengið verðbréf að láni í tiltekinn tíma en lánað það í lengri tíma.
- g. Óáðregin lána- eða lausafjár fyrirgreiðsla eða önnur fyrirgreiðsla sem fengin er frá öðrum aðilum en seðlabönkum og aðilum samkvæmt 34. gr. telst ekki til innflæðis. Sama á við um óáðregna lausafjár fyrirgreiðslu sem færð er sem lausafjäreign samkvæmt 14. gr.
 - h. Vægi vegna væntanlegra fjármuna vegna verðbréfa sem útgefin eru af lánastofnuninni sjálfri eða tengdum aðila skal svara til mismunar innflæðis undirliggjandi eigna samkvæmt þessari grein og útlæðis vegna verðbréfanna.
 - i. Eignir sem eru ekki með samningsbundinn lokagjalddaga skulu fá 20% vægi, að því gefnu að lánastofnuninni sé heimilt samkvæmt samningi að taka út fé eða krefjast greiðslu innan 30 daga.
4. Ákvæði samkvæmt a-lið 3. mgr. á ekki við um innflæði vegna tryggðra lánveitinga og markaðs- viðskipta ef veðin eru lausar eignir eins og vísað er til í b-lið 3. mgr.
 5. Væntanlegt út- og innflæði á næstu 30 dögum vegna samninga samkvæmt 2. mgr. 16. gr. reglugerðar nr. 233/2017 skal reikna sem nettó stærð samkvæmt 21. gr. og fá 100% vægi komi til nettó innflæðis.
 6. Ekki skal gera ráð fyrir innflæði vegna lausafjäreigna sem vísað er til í II. bálki fyrir utan væntanlegar greiðslur vegna eigna sem endurspeglast ekki í markaðsvirði þeirra.
 7. Ekki skal gera ráð fyrir innflæði vegna nýrra skuldbindinga.
 8. Ekki skal gera ráð fyrir innflæði vegna lausafjäreigna sem móttækjar eru í ríkjum utan aðildarríkja þar sem takmarkanir eru á fjármagnsflutningum eða eru í óskiptanlegum gjaldmiðli nema til að mæta útlæði í viðkomandi ríki eða gjaldmiðli.

33. gr.

Hámark innflæðis.

1. Við útreikning lausafjárhlutfalls skal frádráttur innflæðis ekki nema meiru en 75% af heildar-útlæði lausafjár samkvæmt 2. kafla nema undantekningar samkvæmt 2.-4. mgr. eigi við.
2. Að fengnu samþykki Seðlabankans er lánastofnun heimilt að undanskilja eftirfarandi innflæði að hluta eða öllu leyti takmörkunum 1. mgr.:
 - a. Innflæði frá móðurfélagi eða dótturfélagi lánastofnunar eða öðru dótturfélagi sama móðurfélags eða aðila tengdum lánastofnuninni með samkomulagi eða yfiráðum þannig að þeim er skylt að gera samstæðureikning.
 - b. Innflæði vegna innlána hjá öðrum lánastofnunum innan samstæðu.
 - c. Innflæði sem vísað er til í 26. gr., þar með talið innflæði vegna lána í tengslum við fasteignalán eða stuðningslán samkvæmt 9. mgr. 31. gr., eða frá fjölpjóða þróunarbanka eða opinberu fyrirtæki sem lánastofnunin hefur miðlað (e. *passed-through*).
3. Að fengnu samþykki Seðlabankans getur sérhæfð lánastofnun fengið undanþágu frá takmörkunum 1. mgr. þegar aðalstarfsemi hennar felst í eignaleigu og kröfukaupum, fyrir utan þá starfsemi sem lýst er í 4. mgr. og að uppfylltum skilyrðum 5. mgr.
4. Að fengnu samþykki Seðlabankans er sérhæfðri lánastofnun heimilt að hækka mörk 1. mgr. í 90% þegar skilyrði 5. mgr. eru uppfyllt og aðalstarfsemi hennar felst í eftirfarandi:
 - a. Fjármögnun bifreiðakaupa; eða
 - b. neytendalán samkvæmt lögum um neytendalán nr. 33/2013.
5. Heimilt er að veita undanþágu samkvæmt 3. og 4. mgr. þegar eftirfarandi er uppfyllt:
 - a. Lánastofnun er með lágt lausafjárahættusnið að teknu tilliti til eftirfarandi þátta:
 - i. Ekki er tímamisræmi milli inn- og útlæðis; og
 - ii. lánastofnun er ekki fjármögnuð að verulegu marki af smásöluinnlánum;
 - b. hlutfall aðalstarfseminnar samkvæmt 3. eða 4. mgr. er umfram 80% efnahagsreiknings lánastofnunar; og

c. skýrt er frá undanþágum í ársskýrslum.

Seðlabankinn tilkynnir Evrópska bankaeftirlitinu ef heimildir samkvæmt 4. eða 5. mgr. eru veittar og rökstyður þær ákvarðanir.

6. Veita má undanþágur samkvæmt 2.-4. mgr. á fyrirtækja- og samstæðugrunni, að teknu tilliti til e-liðar 3. mgr. 1. gr.

7. Lánastofnun skal reikna út fjárhæð nettó lausafjárútlæðis samkvæmt reiknireglu í II. viðauka við þessar reglur.

34. gr.

Innflæði innan samstæðu eða stofnanaverndarkerfis.

1. Þrátt fyrir g-lið 3. mgr. 32. gr. getur Seðlabankinn veitt heimild til herra vægis innflæðis vegna óáðreginnar lána- og lausafjárfrigreiðslu þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a. Ástæða er til að vænta herra innflæðis jafnvel undir álagi bæði á markaðnum í heild og hjá lánveitanda.
- b. Mótaðili er móðurfélag eða dótturfélag lánastofnunarinnar eða annað dótturfélag sama móðurfélags eða aðili tengdur lánastofnuninni með samkomulagi eða yferráðum þannig að þeim er skylt að gera samstæðureikning eða þátttakandi í sama stofnanaverndarkerfi eða miðlæg stofnun eða þátttakandi í samstarfsneti eða samvinnukerfi.
- c. Þegar vægi innflæðis er herra en 40% skal gera ráð fyrir samsvarandi vægi útlæðis hjá mótaðila, þrátt fyrir 31. gr.
- d. Lánastofnun og mótaðili eru bæði með staðfestu í sama aðildarríki.

2. Þegar lánastofnun og mótaðili eru með staðfestu í mismunandi aðildarríkjum getur Seðlabankinn veitt undanþágu frá d-lið 1. mgr. ef öll eftirfarandi viðbótarskilyrði eru uppfyllt:

- a. Lausafjárveitandi og -móttakandi eru með lágt lausafjárahættusnið;
- b. til staðar eru bindandi samningar og skuldbindingar milli aðila innan samstæðunnar í tengslum við óáðregnu láns- eða lausafjárfrigreiðsluna; og
- c. tekið hefur verið tillit til lausafjárahættusniðs mótaðila í lausafjárstýringu lausafjárveitanda.

Hafa skal samráð við lögbær eftirlit annarra aðildarríkja við mat á því hvort skilyrði þessarar málsgreinar séu uppfyllt.

3. Þegar skilyrði 2. mgr. eru uppfyllt getur Seðlabankinn heimilað 40% vægi innflæðis. Herra vægi innflæðis en getið er í 1. málsl. skal hljóta samþykki lögbærra yfirvalda beggja ríkja, sem skal þá beitt í samræmi við c-lið 1. mgr.

Þar sem herra innflæðihlutfall en 40% er heimilað tilkynnir Seðlabankinn Evrópska bankaftirlitinu um niðurstöðu ferlisins samkvæmt 2. mgr. Seðlabankinn framkvæmir reglulega endurskoðun til að tryggja að skilyrði herra innflæðis séu áfram uppfyllt.

IV. BÁLKUR

Skýrsluskil, upplýsingar, viðurlög.

35. gr.

Skýrsluskil.

1. Skýrslum um laust fé skal skilað til Seðlabankans fyrir fimmtánda dag (15.) hvers mánaðar. Skýrslum skal skila fyrir alla gjaldmiðla samtals í reikningsskilagjaldmiðli og auk þess sérstökum skýrslum fyrir hvern þann gjaldmiðil þar sem skuldbindingar í gjaldmiðlinum eru jafnar eða umfram 5% af heildarskuldbindingum lánastofnunar. Ef skiladag ber upp á helgar- eða frídag skal skila næsta virka dag á eftir.

2. Komi til þess að Seðlabankinn óski sérstaklega eftir því að skýrslum um laust fé sé skilað oftar en segir í 1. mgr. skal lánastofnun verða við því.

3. Móðurfélag í samstæðu lánastofnunar ber ábyrgð á að skýrslum um laust fé samstæðu lánastofnunar sé skilað í samræmi við reglur þessar.

4. Innri endurskoðandi lánastofnunar, sé hann til staðar, eða aðalbókari skal yfirfara aðferðir við skýrslugerð lauss fjár að minnsta kosti einu sinni á ári og senda Seðlabankanum skriflega yfirlýsingu þar um. Slík yfirlýsing skal jafnframt send þegar fyrsta skýrsla lánastofnunar er útbúin samkvæmt reglum þessum.

5. Auk lausafjárskýrslna samkvæmt reglum þessum skal til upplýsinga skila innstæðuyfirliti, eins og nánar er lýst í leiðbeiningum með reglum þessum.

36. gr.

Upplýsingar.

1. Skylt er samkvæmt 29. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, að viðlögðum viðurlögum, að láta Seðlabankanum í té allar upplýsingar og gögn sem bankinn telur nauðsynleg til að framfylgja reglum þessum.

37. gr.

Dagsektir.

1. Nái lausafjárhlutföll lánastofnunar ekki því lágmarki sem sett er í 3. og 4. gr. er heimilt að beita dagsektum á þær fjárhæðir sem á vantar samkvæmt reglum Seðlabanka Íslands um beitingu viðurlaga í formi dagsekta, nr. 389/2002.
2. Sé skýrslum ekki skilað samkvæmt 35. gr. er Seðlabankanum heimilt að beita dagsektum.
3. Afhendi lánastofnun Seðlabankanum ekki upplýsingar sem bankinn óskar eftir samkvæmt 36. gr. er heimilt að beita dagsektum.
4. Um ákvörðun dagsekta, kærueimild og innheimtu gilda ákvæði 6., 7. og 8. gr. reglna Seðlabanka Íslands um beitingu viðurlaga í formi dagsekta nr. 389/2002, eftir því sem við getur átt, og um skuldfærslu dagsekta gildir 5. mgr. þessa ákvæðis eftir því sem við getur átt.
5. Seðlabankanum er heimilt að skuldfæra reiknuð viðurlög á viðskiptareikning viðkomandi lánastofnunar hjá bankanum að liðnum a.m.k. sjö dögum frá því að ákvörðun um dagsektir var kynnt aðila. Lánastofnun, sem annast bindiskyldu fyrir aðra bindiskylda lánastofnun, heimilar Seðlabankanum að skuldfæra viðurlög vegna viðkomandi stofnunar á reikning sinn í bankanum.

38. gr.

Leiðbeiningar.

1. Seðlabankinn gefur út leiðbeiningar um nánari framkvæmd reglna þessara.

V. BÁLKUR

Niðurlagsákvæði.

39. gr.

Sérákvæði vegna bankaeigna með ríkisábyrgð aðildarríkis.

1. Eingöngu er heimilt að flokka eign sem gefin er út af lánastofnun sem nýtur ríkisábyrgðar aðildarríkis sem 1. stigs eign ef:
 - a. ábyrgðin var veitt eða henni lofað upp að hámarksfjárhæð fyrir 30. júní 2014;
 - b. ábyrgðin er bein, afdráttarlaus, óafturkræf og skilyrðislaus og nær til greiðslufalls á höfuðstól og vöxtum á gjalddaga.
2. Eign með ábyrgð héraðsstjórnar eða sveitarfélags innan aðildarríkja skal eingöngu flokka sem 1. stigs eign ef farið er með áhættuskuldbindingar gagnvart viðkomandi héraðsstjórn eða sveitarfélagi sem áhættuskuldbindingar gagnvart ríkissjóði samkvæmt 2. mgr. 19. gr. reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja nr. 233/2017 og ábyrgðin uppfyllir skilyrði 1. mgr.
3. Eign samkvæmt 1. og 2. mgr. skal flokka sem 1. stigs eign meðan ábyrgð er í gildi gagnvart viðkomandi útgefanda eða eignum hans, eftir því sem við á, með síðari breytingum eða endurnýjun. Eign skal einungis teljast lausafjäreign upp að hámarksfjárhæð ábyrgðar sem var í gildi fram til 30. júní 2014, jafnvel þótt ábyrgðin hafi hækkað eftir það.
4. Eignir samkvæmt þessari grein skulu uppfylla allar sömu kröfur og aðrar 1. stigs eignir sem tryggðar eru af ríkissjóði, sveitarfélögum, héraðsstjórnnum og opinberum fyrirtækjum samkvæmt c-lið 1. mgr. 10. gr.
5. Þar sem lánastofnun eða eignir hennar falla undir tryggingakerfi skal kerfið í heild teljast ábyrgð í skilningi þessarar greinar.

40. gr.

Bráðabirgðaákvæði vegna stofnana sem styrktar eru af aðildarríkjum og starfa við eignastýringu virðisrýrðra eigna.

1. Forgangsskuldabréf útgefin af eftirfarandi stofnunum sem styrktar eru af aðildarríkjum og starfa við eignastýringu virðisrýrðra eigna skulu flokkast sem 1. stigs eignir til 31. desember 2023:
 - a. Á Írlandi: National Asset Management Agency (NAMA).
 - b. Á Spáni: Sociedad de Gestión de Activos Procedentes de la Reestructuración Bancaria, S.A. (SAREB).
 - c. Í Slóveníu: bankaeignastýringarfélag sem stofnað var undir löggjöf um aukinn stöðugleika banka (e. *Measures of the Republic of Slovenia to Strengthen the Stability of Banks Act (MSSBA)*).
2. Eignir samkvæmt 1. mgr. skulu uppfylla allar sömu kröfur og aðrar 1. stigs eignir sem tryggðar eru af ríkissjóði, sveitarfélögum, héraðsstjórnnum og opinberum fyrirtækjum samkvæmt c-lið 1. mgr. 10. gr.

41. gr.

Bráðabirgðaákvæði vegna verðbréfavafninga sem tryggðir eru með fasteignalánnum.

1. Þrátt fyrir 13. gr. skal flokka verðbréfavafninga útgefna fyrir 1. október 2015, þar sem undirliggjandi áhættuskuldbindingar eru fasteignalán eins og vísað er til í i-lið g-liðar 2. mgr. 13. gr. sem 2. stigs (b) eignir ef þeir uppfylla öll skilyrði samkvæmt 13. gr. að undanskildum kröfum um veðhlutföll og lánahlutföll.
2. Þrátt fyrir 13. gr. skal flokka verðbréfavafninga útgefna eftir 1. október 2015 þar sem undirliggjandi áhættuskuldbindingar eru fasteignalán eins og vísað er til í i-lið g-liðar 2. mgr. 13. gr., sem uppfylla ekki skilyrði um meðaltalsveðhlutfall eða meðaltalslánahlutfall samkvæmt framangreindu ákvæði, sem 2. stigs (b) eignir þangað til 1. október 2025, að því tilskildu að fasteignalán hafi ekki lotið lögum um hlutföll skulda og tekna við útgáfu og þau hafi verið veitt fyrir 1. október 2015.

42. gr.

Gildistaka.

1. Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 12. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, taka gildi 31. mars 2017. Um leið falla úr gildi reglur Seðlabanka Íslands um lausafjárhlutfall nr. 1031/2014.

Reykjavík, 24. mars 2017.

Seðlabanki Íslands,

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri.

Harpa Jónsdóttir
framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Reiknireglur vegna ákvörðunar um samsetningu lausafjárforða.

1. Lánastofnun skal nota reiknireglurnar í þessum viðauka til að ákvarða samsetningu lausafjár-
auka samkvæmt 17. gr. reglnanna.
2. Útreikningur lausafjár-
auka: Á útreikningsdegi skal lausafjárauki lánastofnunar jafngilda:
 - a. fjárhæð 1. stigs eigna; að viðbætti
 - b. fjárhæð 2. stigs (a) eigna; að viðbætti
 - c. fjárhæð 2. stigs (b) eigna;að frádregnu því lægra af eftirfarandi:
 - d. samtölu a, b og c; eða
 - e. fjárhæð „umframlausafjäreigna“ eins og hún er reiknuð samkvæmt 3. og 4. mgr. þessa viðauka.
3. Fjárhæð „umframlausafjäreigna“: skal samanstanda af eftirfarandi þáttum:
 - a. Leiðréttri fjárhæð 1. stigs eigna fyrir utan sértryggð skuldabréf, sem skal jafngilda virði allra 1. stigs eigna fyrir utan 1. stigs sértryggð skuldabréf í eigu lánastofnunar eftir að undið hefur verið ofan af hvers konar tryggðum fjármögnunarviðskiptum, tryggðum lánveitingum, eignaskiptum eða tryggðum afleiðuviðskiptum sem falla í gjalddaga innan 30 daga frá útreikningsdegi, og þar sem lánastofnun og mótaðili skiptist á lausafjäreignum á að minnsta kosti einum legg viðskipta;
 - b. leiðréttri fjárhæð 1. stigs sértryggðra skuldabréfa, sem skal jafngilda virði allra 1. stigs eigna í eigu lánastofnunar að teknu tilliti til frádrags og eftir að undið hefur verið ofan af hvers konar tryggðum fjármögnunarviðskiptum, tryggðum lánveitingum, eignaskiptum eða tryggðum afleiðuviðskiptum sem falla í gjalddaga innan 30 almanaksdaga frá útreikningsdegi, og þar sem lánastofnun og mótaðili skiptist á lausafjäreignum á að minnsta kosti einum legg viðskiptanna;
 - c. leiðréttri fjárhæð 2. stigs (a) eigna, sem skal jafngilda eftir frádragsvirði allra 2. stigs (a) eigna sem lánastofnun myndi halda eftir að undið hefur verið ofan af hvers konar tryggðum fjármögnunarviðskiptum, tryggðum lánveitingum, eignaskiptum eða tryggðum afleiðuviðskiptum sem falla í gjalddaga innan 30 almanaksdaga frá útreikningsdegi, og þar sem lánastofnun og mótaðili skiptist á lausafjäreignum á að minnsta kosti einum legg viðskiptanna;
 - d. leiðréttri fjárhæð 2. stigs (b) eigna, sem skal jafngilda eftir frádragsvirði allra 2. stigs (b) eigna sem lánastofnun myndi halda eftir að undið hefur verið ofan af hvers konar tryggðum fjármögnunarviðskiptum, tryggðum lánveitingum, eignaskiptum eða tryggðum afleiðuviðskiptum sem falla í gjalddaga innan 30 almanaksdaga frá útreikningsdegi, og þar sem lánastofnun og mótaðili skiptist á lausafjäreignum á að minnsta kosti einum legg viðskiptanna.
4. Útreikningur fjárhæðar „umframlausafjäreigna“: skal jafngilda:
 - a. leiðréttri fjárhæð 1. stigs eigna fyrir utan sértryggð skuldabréf; að viðbætti
 - b. leiðréttri fjárhæð 1. stigs sértryggðra skuldabréfa; að viðbætti
 - c. leiðréttri fjárhæð 2. stigs (a) eigna; að viðbætti
 - d. leiðréttri fjárhæð 2. stigs (b) eigna;að frádregnu því lægsta af eftirfarandi:
 - e. samtölu a, b, c og d;
 - f. 100/30 sinnum a;
 - g. 100/60 sinnum samtala a og b;
 - h. 100/85 sinnum samtala a, b og c.
5. Samsetning lausafjárforða þegar búið er að vinda ofan af hvers konar tryggðum fjármögnunar-
viðskiptum, tryggðum lánveitingum, eignaskiptum eða tryggðum afleiðuviðskiptum og tak-
mörkum samkvæmt 17. gr. reglnanna skal ákvarða samkvæmt eftirfarandi:
 - a" (leiðréttri fjárhæð 1. stigs eigna fyrir utan sértryggð skuldabréf eftir beitingu takmarkana)

= a (leiðrétt fjárhæð 1. stigs eigna fyrir utan sértryggð skuldabréf fyrir beitingu takmarkana)

b" (leiðrétt fjárhæð 1. stigs sértryggðra skuldabréfa eftir beitingu takmarkana)

= MIN(b, a70/30)

þar sem b = leiðrétt fjárhæð 1. stigs sértryggðra skuldabréfa fyrir beitingu takmarkana

c" (leiðrétt fjárhæð 2. stigs (a) eigna eftir beitingu takmarkana)

= MIN(c, (a + b")40/60, MAX(a70/30 - b", 0))

þar sem c = leiðrétt fjárhæð 2. stigs (a) eigna fyrir beitingu takmarkana

d" (leiðrétt fjárhæð 2. stigs (b) eigna eftir beitingu takmarkana)

= MIN (d, (a + b" + c")15/85, MAX((a + b")40/60 - c", 0), MAX(70/30a - b" - c", 0))

þar sem d = leiðrétt fjárhæð 2. stigs (b) eigna fyrir beitingu takmarkana

II. VIÐAUKI

Reikniregla til útreiknings nettó útfærðis lausafjár.

NLO = Nettó útfærði lausafjár

TO = Heildarútfærði

TI = Heildarinnfærði

FEI = Undanþegið innfærði

IHC = Innfærði með útfærðimörk hærrí en 90%

IC = Innfærði með 75% útfærðimörk

Nettó útfærði lausafjár jafngildir heildarútfærði að fráðreginni lækkun vegna undanþegins innfærðis og að fráðreginni lækkun vegna innfærðis með 90% mörk og að fráðreginni lækkun vegna innfærðis með 75% mörk.

$$NLO = TO - \text{MIN}(FEI, TO) - \text{MIN}(IHC, 0,9 * \text{MAX}(TO - FEI, 0)) - \text{MIN}(IC, 0,75 * \text{MAX}(TO - FEI - IHC/0,9, 0))$$